

SPÍTALAPÚLSINN

MARS 2025



Um þessar mundir standa yfir breytingar á stjórnskipulagi vöknunar þar sem sameina á vöknun Fossvogi, Hringbraut og kvennadeild. Markmið breytinganna er að vöknun fái aukið vægi sem deild og er þetta liður í því að styrkja starfsemina, þverfaglega samvinnu og öryggi sjúklinga. Þá verða deildarstjóri og yfirlæknir vöknunar hluti af sterku stjórnendateymi skurðlækningaþjónustu. [Sjá nánar inni í blaðinu.](#)

Bráðnauðsynleg brúarverkefni



Runólfur Pálsson
Forstjóri Landspítala

Dráttur sem orðið hefur á uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut hefur dregið athyglina að ófullnægjandi aðstöðu spítalans. Auk húsnæðisvanda snertir þetta ýmsan tækjakost sem nauðsynlegt er orðið að bæta eða endurnýja. Því hefur í samtali við yfirvöld verið lögð þung áhersla á mikilvægi þess að komið verði til móts við brýnustu þarfir spítalans varðandi húsnæði og tæki á næstu árum svo unnt verði að halda uppi fullnægjandi þjónustustigi þar til flutt verður í meðferðarkjarnann og rannsóknarhúsið að 4-5 árum liðnum.

Nú þegar hafa verið skilgreind nokkur umbótaverkefni sem beinast að því að brúa tímabilið þar til nýju mannvirkin á Hringbraut verða tekin í notkun. Höfuðáhersla hefur verið lögð á að bæta aðstöðu fyrir bráðveika og slasaða einstaklinga á bráðamóttökunni í Fossvogi sem er óviðunandi. Það var því gleðilegur áfangi þegar samþykkt var fjármögnun viðbyggingar í Fossvogi þar sem ráðgert er að starfrækja matsdeild fyrir bráðveika einstaklinga. Nýjum Landspítala ehf. hefur verið falið að stýra þeim framkvæmdum sem vonir standa til að komist skjótt á gott skrið þannig að ný og bætt aðstaða líti dagsins ljós sem fyrst. Aðrar brúarlausnir beinast að stækkun og viðhaldi réttar- og öryggisgeðdeildar og

bættri aðstöðu fyrir ferliþjónustu sem og endurnýjun tækja og annars búnaðar.

Þann 28. febrúar voru liðin 5 ár frá innreið heimsfaraldursins þar sem ófullnægjandi afkastageta sýkla- og veirufræðideildar og skortur á legurýmum, ekki síst gjörgæslurýmum, á Landspítala ógnaði getu heilbrigðisþjónustunnar til að sinna alvarlega veikum einstaklingum. Þessi staða kallaði á beittar aðgerðir úti í samfélaginu til að halda smitdreifingu í skefjum. Meðferðarkjarninn og rannsóknarhúsið munu sannarlega valda straumhvörfum en fleira þarf að koma til. Brýnt er að fjölga verulega legurýmum fyrir bráðveika á höfuðborgarsvæðinu.





Starfsfólk fær þjálfun í nýsköpun

Nýrri námsbraut í nýsköpun á Landspítala var formlega hleypt af stokkunum í Grósku í byrjun febrúar að viðstöddum ráðherrum heilbrigðismála og nýsköpunar. Námsbrautin er hluti af metnaðarfullu sérnámi lækna sem hefur verið í mikilli uppbyggingu undanfarin ár.

Að sögn yfirlæknis sérnáms á Landspítala er nauðsynlegt að læknar búi yfir færni til að koma að þróun framtíðarheilbrigðisþjónustu.

Viðstödd í Grósku voru þau Alma Möller heilbrigðisráðherra og Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra sem bæði ávörpuðu viðstadda.

„Nýsköpunin er lykillinn að því að

bæta og efla heilbrigðiskerfið og takast á við stórar áskoranir framundan. Með innleiðingu nýrrar tækni og lausna getum við bætt þjónustu, stýtt biðlista og aukið hagkvæmni í rekstri. Námsbraut í nýsköpun er mikilvægt skref í þessa átt og ég fagna innilega framtaki þeirra sem að henni standa“ segir Alma Möller heilbrigðisráðherra.

„Það er til mikils að vinna fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi að við nýtum tækninýjungar betur. Þannig hefur verið áætlað að umbætur á sviði stafvæðingar gætu leitt til um 9% lækkunar á heildarkostnaði á Landspítala árið 2040 – á sama tíma og þjónustan er bætt og gæði hennar aukin. Þess vegna er tilkoma



Hér má sjá viðtal við Loga Einarsson og Ölmú Möller sem bæði voru viðstödd þegar náminu var formlega hleypt af stokkunum.

þessarar námsbrautar mikið fagnaðarefni og munum við í mínu ráðuneyti styðja markvisst við innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu,“ segir Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

Landspítali hlaut styrk til að innleiða íslenska máltækni

Landspítali hefur hlotið samtals 20 milljónir króna í styrk frá Skerfi, sjóði sem styrkir verkefni sem fela í sér innleiðingu og/eða hagnýtingu á íslenskri máltækni. Styrkurinn, sem ætti að létta á störfum starfsfólks spítalans, skiptist í þrjá hluta:

- **14,5 milljónir fyrir samstarf með Corti í þróun á máltæknigervigreind fyrir geðsvið**
- **3,5 milljónir fyrir samstarf með Miðeind í innleiðingu á þýðingalausnum**

- **2 milljónir fyrir samstarf með KötluCode í þróun á gervigreind til að styðja við DRG skráningar**

Það var menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra sem hafði umsjón með útdelingu styrkjanna. Alls voru 12 verkefni styrkt, eða 52% umsókna, um 60 milljónir króna.

Sigurður Þórarinnsson, tæknistjóri HUT, tekur við styrknum fyrir hönd Landspítala frá Loga Einarssyni, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.





Í fréttum var þetta helst

Nafn Landspítala dúkkar reglulega upp í fjölmiðlum. Hér er samantekt á helstu fréttum í febrúar þar sem spítalinn kom við sögu.



Ylfa Árnadóttir
Samskiptateymi
Landspítala

Augnlæknum fækkað síðustu ár

Þörf er fyrir [tvöfalt fleiri augnskurðlækna](#) á augnsjúkdómadeild Landspítala, að sögn Maríu Soffíu Gottfreðsdóttur, augnskurðlæknis. Hún er eini augnskurðlæknirinn á Íslandi sem sinnir sérhæfðum glákuaðgerðum. María Soffía hefur áhyggjur af stöðu mála enda hefur augnlæknum fækkað undanfarinn aldarfjórðung og enginn nýr sérfræðingur á hennar sviði í augsyn.

Mikilvægustu gögnin ekki háð netsambandi við útlönd

Starfsemi Landspítala [gengi ágætlega](#) þótt netsamband við útlönd rofnaði. Jóhann Bjarni Magnússon, upplýsingaöryggisstjóri Landspítala, segir mikilvægustu tölvugögn spítalans vera vistuð hér á landi. Innskráningarkerfi heilbrigðisstarfsfólks og almennings að mikilvægum heilsugagnagrunnum eru hins vegar háð sambandi við erlenda netþjóna og ský í gegnum rafræna auðkenningu.

Fjarskiptalæknar á vakt í rauðri viðvörun

Alma Möller heilbrigðisráðherra ákvað í samráði við Landspítala að [tryggja sólarhringsmönnum fjarskiptalæknisbráðapjónustu](#) á meðan rauð viðvörun var í gildi fyrir meirihluta landsins snemma í febrúar. Illviðrið gæti gert sjúkraflutninga torveldi eða ómögulega og fjarskiptalæknir átti því að sinna bráðri lækisfræðilegri ráðgjöf til viðbragðsaðila og heilbrigðisstarfsmanna.

Fá ekki svæfingalækna í sjúkraflug til útlanda

Upp hafa komið tilvik þar sem [ekki fást svæfingalæknar frá Landspítala](#) til að fylgja sjúklingum í sjúkraflug til útlanda. Sjúkraflutningar hafa færst í aukana síðasta árið í takt við auknið framboð á sérhæfðri lækisþjónustu sem Íslendingum stendur til boða erlendis.



Nýr spítali kominn í gagnið 2029

Reglulega er fjallað um framgang framkvæmdanna við nýjan Landspítala. [Fréttamaður RÚV mætti á byggingarstað](#) og ræddi við Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóra NLSH. Gunnar sagði ráðgert að skila meðferðarkjarnanum árið 2028 en þá eigi eftir að koma upp tækjum og búnaði. Vonast væri til þess að starfsemin yrði komin í gagnið 2029.

Sjúkraflutningar erlendis eru óreglulegir og ekki sérstök bakvakt til staðar fyrir þessa þjónustu. Svæfingalæknar á Landspítala hafa því í gegnum árin hlaupið til í frítíma sínum og sinnt þessari lífsnauðsynlegu lækisþjónustu.

Sóknarfæri í samnýtingu og fimm ár frá faraldri

Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, ræddi um þau sóknarfæri sem felast í samnýtingu nauðsynlegrar stoðþjónustu sjúkrastofnana hér á landi í viðtali við [Spegilinn á Rás 1](#). Þar mætti t.d. nefna stjórnun mannaúts- og gæðamála, fjármála og innkaupa. Þessi samnýting myndi ekki einungis spara fjármuni heldur auka hagkvæmni og efla þjónustu heilbrigðiskerfisins í heild.

Þetta var ekki eina útvarpsviðtalið sem Runólfur fór í því hann og Unnur Anna Valdimarsdóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, mættu í [Bítið á Bylgjunni](#) til að ræða viðbrögð Íslands í COVID19-heimsfaraldrinum - hvað tókst vel og hvað mátti betur fara. Tilefnið var fundur sem þau stýrðu um sama efni og var haldinn í hátíðasal Háskóla Íslands, nú þegar fimm ár eru liðin frá upphafi faraldursins.

Blóðgjafadagur Neistans í Blóðbankanum

Neistinn, styrktarfélag barna og fullorðinna með hjartagalla og

aðstandenda þeirra, efndi til sérstaks [blóðgjafadags í Blóðbankanum](#) við Snorrabraut í Reykjavík og á Akureyri. Markmiðið var að vekja athygli á því að árlega fæðast hér á landi að meðaltali 70 börn með hjartagalla. Mörg þeirra þurfa að gangast undir hjartaaðgerðir strax á fyrstu æviárunum og [treysta á blóðgjafir](#) til að komast í gegnum þær.

Stafrænn frumskógur í heilbrigðiskerfinu

Það vakti talsverða athygli þegar Eyrún Magnúsdóttir fjölmiðlakona deildi reynslu sinni af heilbrigðiskerfinu í [færslu á Facebook](#). Hún lýsti því sem stafrænum frumskógi sem sjúklingar verði sjálfir að rata í gegnum. Í stað einnar samræmdrar gáttar þurfi að nota og sækja upplýsingar í gegnum fjölda ólíkra vefsíða, snjallforrita og fleira, þar með talið Landspítala appið. Jón Magnús Kristjánsson, læknir og aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, og Marta Jóns Hjördísardóttir, talskona sjúklinga á Landspítala, [ræddu málið í Kastljósi](#).

Framhald á næstu síðu. ►

► Styrkur fyrir stafræna bókunarlausn

Krabbameinsfélagið afhenti Landspítala 20 milljóna króna styrk til kaupa á [nýrri stafrænni bókunarlausn](#) sem auðveldar konum að bóka tíma í brjóstaskimun. Gert er ráð fyrir að lausnin verði að fullu innleidd næsta haust.

Heimaspítali fyrir krabbameinssjúklinga

Heimaspítali er nýtt þróunarverkefni á Landspítala þar sem fólk með krabbamein getur fengið sína þjónustu heima. Halldóra Hálfðánardóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur sagði [í viðtali við Morgunblaðið](#) að heimaspítali væri mörgum þægilegri en sjúkrahúsvist. Fyrstu niðurstöður séu þær að sjúklingar og aðstandendur þeirra séu ánægðir með að hafa fengið þjónustuna heim.

Ný námsbraut í nýsköpun

Stafrænar lausnir leika stórt hlutverk í [námsbraut í nýsköpun](#) sem sett hefur verið á laggirnar á Landspítala. Margrét Dís Óskarsdóttir, yfirlæknir sérnáms, segir framþróun á hinu stafræna sviði vera forsendu árangurs í öllu starfi spítalans.

Arna sest í helgan stein

Arna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og svefnráðgjafi fyrir foreldra ungra barna, [ræddi við Morgunblaðið](#) í tilefni af því að hún lét af störfum vegna aldurs núna um mánaðamótin. Hún sagði m.a. frá því að áður fyrr hafi börn með svefnvanda stundum verið lögð inn á spítala og fór hún af stað með sína svefnráðgjöf til að draga úr þessum innlögnum og bæta þjónustuna.



Nýrnalæknar fara norður

Nýrnalæknar frá Landspítala [munu senn leggja leið sína norður](#), tvo daga í senn á sex vikna fresti. Hingað til hefur á þriðja tug nýrnasjúklinga á Norðurlandi þurft að ferðast til Reykjavíkur í hverjum mánuði til þess að sækja sér sérfræðiþjónustu nýrnalæknis en á því verður nú breyting.

Göngudeild covid gefandi en krefjandi verkefni

Ragnar Freyr Ingvarsson læknir sagðist í viðtali [ganga stoltur frá verkefni sínu](#) sem yfirmaður göngudeildar covid. Deildin hafi verið byggð upp á skömmum tíma og öll tölfræðileg gögn sýni að hún hafi dregið verulega úr væntum innlögnum og þar með skaða í heild. Þetta hafi verið gefandi en krefjandi verkefni.

Innsýn í störf bráðamóttökunnar

Heimildin hélt áfram með umfjöllun sína um [bráðamóttöku Landspítala](#), “Á

vettvangi”, og gaf út tvo þætti á Spotify sem hægt er að hlusta á [hér](#) og [hér](#). Á síðunni er hægt að lesa viðtal við [kólumbísk læknahjón](#) sem heilluðust svo af Íslandi að þau fluttu hingað til lands og starfa nú á bráðamóttökunni, fræðast um [muninn á bráðamóttöku](#) á Íslandi og í Noregi og lesa um hjálpinu sem starfsfólk bráðamóttökunnar fær frá [Rúðolf Adolfssyni](#) geðhjúkrunarfræðingi til að komast í gegnum erfiða vinnudaga.

Tetrismeistarar á Landspítala

[Samfélagið á Rás 1](#) fylgdi starfsfólki flæðisdeildar spítalans eftir í einn dag. Hundrað bíða innan veggja spítalans eftir að komast á hjúkrunarheimili og staðan hefur sjaldan verið þyngri. Rætt var við innlagnarstjórana sem vinna þrotlaust að því að finna pláss fyrir veikt fólk og líkja starfi sínu við þúls eða Tetris-leik.

Málþing um framtíð hjúkrunar lungnasjúklinga

Í tilefni þess að senn líður að starfslokum Bryndísar Halldórsdóttur og Þorbjargar Sóleyjar Ingadóttur, sérfræðinga í hjúkrun, var haldið málþing um framtíð hjúkrunar lungnasjúklinga þann 27. febrúar sl. Á málþinginu fjallaði dr. Ann Ekdahl, frá Háskólanum í Sundsvall í Svíþjóð, um upplifun sjúklinga sem eru að takast á við alvarlegan lungnasjúkdóm, Þorbjörg Sóley fjallaði um hjúkrun lungnasjúkdóma á göngudeild í 20 ár og Bryndís fjallaði um hjúkrun sjúklinga í heimaöndunarvél. Að lokum fjallaði dr. Helga Jónsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og

forstöðumaður fræðasviðs, um þarfir lungnasjúklinga og fjölskyldna þeirra.

Þorbjörg Sóley og Bryndís eru sérfræðingar í hjúkrun lungnasjúklinga og hafa ásamt fleirum byggt upp göngudeildarþjónustu fyrir þennan hóp. Nú tilheyra 260 sjúklingar göngudeildinni sem staðsett er á A3 í Fossvogi. Þjónustan byggir á heildrænni nálgun og aðstoð við sjúklinga við að lifa með einkennum erfiðs lungnasjúkdóms og hafa rannsóknir sýnt góðan árangur þjónustunnar, sem m.a. sýnir sig í mikilli fækkun innlagna á sjúkrahús hjá þessum hópi.



Bryndís Halldórsdóttir og Þorbjörg Sóley Ingadóttir, sérfræðingar í hjúkrun.

DAGUR ÖLDRUNAR

13. mars 2025 - Hótel Natura, Zoom

Dagur öldrunar verður haldin í sjöunda sinn, fimmtudaginn 13. mars 2025. Þema dagsins er: „Hvar liggja tækifærin í öldrunarþjónustu?“ sem vísar til mikilvægis þverfaglegrar samvinnu, teymisvinnu og mikilvægis þess að þróa nýjar leiðir og þjónustu, hjálpast að og horfa til og nýta tækifæri sem eru nú þegar til staðar.

Fundarstjóri fyrir hádegi: Margrét Guðnadóttir. **Fundarstjóri eftir hádegi:** Guðný Stella Guðnadóttir.

09:00 Opnun ráðstefnu Alma D. Möller, heilbrigðisráðherra

09:10 Aðalfyrirlestur - Tækifæri í öldrunarþjónustu
Eva Björg Guðmundsdóttir, deildarstjóri heimahjúkrunar á Akureyri

09:40 Ageism in Health Care Sandra Canico

09:50 Inngilding: höfum við gleymt öldruðu hinsegin fólki?
Þórdís Hulda Tómasdóttir

10:00 Kaffi

10:20 Samræmt sjálfsmat á færni sinni
Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir

10:30 Þverfaglegt móttöku og masteymi
Berglind Magnúsdóttir

10:40 Heildrænt öldrunarmat: Hvað er það og hvers vegna er það gert? Ingibjörg Hjaltadóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir, Elfa Þöll Grétarsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir og Sigrún Bjartmarz

10:50 Þróun rafræns námskeiðs í framkvæmd heildræns öldrunarmats fyrir hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu og heimahjúkrun Ingibjörg Hjaltadóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir, Elfa Þöll Grétarsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir og Sigrún Bjartmarz

11:00 Illt er að vera iðjulaus Unnur Brynja Guðmundsdóttir

11:05 Hlé

11:25 Aldrei of seint að byrja, árangur af styrktarþjálfun fyrir aldraða Rósa Jónsdóttir og Þórey Hákonardóttir

11:35 Nýjung á Akureyri: reynsla af vitjunum öldrunarlæknis Arna Rún Óskarsdóttir og Eva Björg Guðmundsdóttir

11:45 Heimaspítallinn á Selfossi í eitt ár Guðný Stella Guðnadóttir, Ragnheiður Thor Antonsdóttir, Thelma Dröfn Ásmundsdóttir, Viðir Óskarsson, Margrét Björk Ólafsdóttir og Anna Margrét Magnúsdóttir

11:55 Tækifærin í samvinnunni. Kynning á hlutverki og áherslum miðstöðvar í öldrunarfræðum Margrét Guðnadóttir, Anna Björg Jónsdóttir, Halldór S. Guðmundsson og Ingibjörg Hjaltadóttir

12:00 Hádegishlé

13:00 Aðalfyrirlestur - Framtíð heimaþjónustunnar: Áskoranir og tækifæri Styrmir Erlingsson, framkvæmdastjóri Rafrænnar miðstöðvar hjá Reykjavíkurborg og Auður Guðmundsdóttir, teymisstjóri skjáværs

13:30 Fjarþjálfun í heimahúsi Kristín Sigurðardóttir

13:40 Snjallar lausnir í öldrunarþjónustu
Helga Dagný Sigurjónsdóttir

13:50 Lyfjavaki: Aukið öryggi við feril lyfjagjafa á hjúkrunarheimilum Þórdís Hulda Tómasdóttir og Magnús Már Steinþórsson

14:00 Hlé

14:20 Namaste - nálgun Sunnefa Lindudóttir

14:25 Að lifa með greininguna Væg vitræn skerðing (Mild cognitive impairment) á grunni Alzheimers sjúkdóms) Helga Atladóttir og Guðlaug Guðmundsdóttir.

14:35 Skemmtiatriði

15:15 Ráðstefnulok

15:25 Hamingjustund

Hægt er að kaupa miða á ráðstefnu með að skanna inn QR kóðann hér til hliðar.





Minnismóttakan á Landakoti 30 ára



Jón Snædal

Fyrrverandi yfirlæknir og stofnandi minnismóttöku Landspítala

Minnismóttaka öldrunarlækningadeildar hóf upphaflega starfsemi sína í janúar 1995 eða fyrir 30 árum. Hugtakið „minnismóttaka“ eða „memory clinic“ á uppruna sinn í Bandaríkjunum á níunda áratug síðustu aldar. Tíu árum fyrr hafði kólvirka tilgátan komið fram um orsakir og eðli Alzheimer sjúkdóms sem opnaði augun fyrir hugsanlegum meðferðarmöguleikum. Kólvirk lyf sem þá voru á markaði ollu þó of miklum aukaverkunum. Hópar rannsakenda settu af stað klínískar lyfjarannsóknir í samvinnu við lyfjafyrirtæki og einnig var farið að vinna með samtökum sjúklinga og aðstandenda. Að áliðnum níunda áratugarins fór hugtakið memory clinic að festa sig í sessi og fljótlega voru slíkar móttökur stofnaðar í Evrópu, m.a. á Norðurlöndunum.

Minnismóttakan var fyrst til húsa að Hátúni 10b á göngudeild öldrunarlækninga Landspítala en flutti tveimur árum síðar að Landakoti. Starfsemin jókst mikið eftir flutninginn, ekki síst fyrir stuðning þáverandi yfirmanna. Þó miklar breytingar hafi

orðið á greiningarmöguleikum hefur skipulag minnismóttökunnar ekki breyst mikið en hér verður stiklað á stóru.

Vinnulag

Meginhlutverk minnismóttökunnar er að greina orsök vitrænna breytinga. Beiðni þarf að berast frá lækni og koma um 90% þeirra frá heimilislæknum. Í fyrstu komu er viðtal bæði af hálfu læknis og hjúkrunarfræðings. Upplýsingagjöf sjúklings og aðstandanda er grunnur þess sem á eftir kemur en einnig eru lögð fyrir vitræn skimpróf og spurningalistar, almenn líkamsskoðun og taugaskoðun. Í lok heimsóknar fer fram mat á hvort ábending er fyrir frekari rannsóknum og þá hverjum. Klínísk stigun vitrænnar skerðingar liggur þá fyrir í stórum dráttum sem er grundvöllur ákvarðana um framhaldið. Í annarri komu liggja niðurstöður rannsókna fyrir og þá er yfirleitt upplýst um greiningu.

Í þverfaglegu teymi minnismóttökunnar eru læknar, hjúkrunarfræðingar, taugasálfræðingar, klínískur sálfræðingur og félagsráðgjafi, en einnig starfa iðjubjálfar og sjúkraþjálfarar við göngudeild öldrunarlækninga, en auk þess er aðgengi að þjónustu talmeinafræðinga. Á síðustu árum hafa sérnámslæknar tekið hluta

af þjálfun sinni á minnismóttökunni og eru orðnir hryggjastykkið í vinnu lækna. Gott samstarf er við Alzheimer samtökin. Töluvert samstarf er við sérhæfðar dagþjálfanir fyrir einstaklinga með heilabilun, heilsugæsluna og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Greiningaraðferðir


Í upphafi starfsemi minnismóttöku var hægt að fá tölvusneiðmynd af heila og fljótlega einnig ísótópa blóðflæðirannsókn (SPECT). Taugasálfræðilegt mat hefur allan tímann verið aðgengilegt og er það mjög mikilvæg rannsókn þegar mismunagreiningar er óljósar og heilabilun ekki veruleg. Um aldamótin var farið að taka mænuvökva í völdum tilvikum til mælinga á lífmerkjum Alzheimer sjúkdóms. Lífmerkjamælingar hafa fengið aukið vægi og eru núna framkvæmdar hjá langflestum einstaklingum yngri en 75-80 ára, ef ekki eru frábendingar. Í vinnslu er verklag við grun um normal pressure hydrocephalus, í samvinnu við taugalækna og heila- og taugaskurdækna, en reglulega eru framkvæmd TAP próf í samvinnu við sjúkraþjálfa. Segulómanir af heila urðu að kjör myndgreiningarrannsókn fyrir tæplega 20 árum og síðar bættust við þrjár mismunandi myndgreiningarrannsóknir,

Framhald á næstu síðu. ►

► skoðun á dópamínflutningi í djúpkjörnum heilans (DAT skann) og tvö afbrigði af jáeindaskanna (PET), annars vegar með sykrubindiefni og hins vegar amyloidbindiefni. Á allra síðustu árum hefur hafist samvinna við erfðaráðgjafa Landspítala í völdum tilvikum og stöku sinnum gerð leit að meinvaldandi stökkbreytingum. Búið er að stofna heilabilunarskrá (íslenska heilabilunarskráin, IceDem) sem hefur lagast og er á ábyrgð Embættis landlæknis en vinnan öll gerð á minnismóttökunni.

Kennsla og vísindi

Fyrir utan sérnámslækna hafa BS nemar í læknisfræði gert verkefni á minnismóttökunni, einkum hin síðustu ár. Nemar í hjúkrunarfræði og sálfræði sem og nemar í nýstofnaðri námsbraut heilabilunarráðgjafa hafa einnig fengið hluta af námi sínu á minnismóttökunni. Vísindastarf hefur allan tímann verið hluti af verkefnum starfsmanna minnismóttökunnar. Samstarf hefur verið við marga aðila innanlands og utan. Í upphafi var þegar komið á samstarf við Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sem stóð fram yfir aldamótin. Samstarf hefur verið við Íslenska erfðagreiningu frá 1998 og stendur enn með blóma. Aðrir innlendir samstarfsaðilar um lengri eða skemmri tíma hafa verið svefnrannsóknastofa og augndeild Landspítala, rannsóknastofa Læknadeildar í lífefnafræði og sálfræðideildir HÍ og HR. Samstarf við nýsköpunarfyrirtækið Mentis Cura stóð í 15 ár eða þar til fyrirtækið hætti störfum.



Erlendir samstarfsaðilar hafa m.a. verið norrænar minnismóttökur í tengslanetinu Nordic Network in Dementia Diagnostics (NIDD) og Evrópusamtök um Lewy sjúkdóminn (European Dementia of Lewy Body Network; E-DLB) ásamt samstarfi við sænsku heilabilunarskrána (SveDem).

Á þessum þrjátíu árum hafa fimm doktorsnemar, níu meistaranemar og 19 BS nemar framkvæmt verkefni sín á minnismóttökunni. Á ritskrá starfsmanna hennar eru skráðar 65 ritrýndar vísindagreinar. Á síðustu árum hefur aðstaða verið sköpuð fyrir klínískar rannsóknir, bæði til mats á áhrifum lyfja og gildi nýrra rannsóknaraðferða. Þessi aðstaða hefur verið nefnd Rannsóknarsetur minnismóttökunnar.

Framtíðin

Nú þegar 30 ár eru liðin frá upphafinu blasa við tímamótaverkefni. Fengist hefur fé til að færa heilabilunarskrána út í heilsugæsluna, á þessu ári verður unnt að mæla lífmerki Alzheimer sjúkdóms í blóði og síðar á árinu verður væntanlega farið að gefa fyrstu líftækniyfni við Alzheimer sjúkdómi. Við mat á því hvaða sjúklingar koma til greina fyrir þá meðferð þarf að skoða arfgerð allra sjúklinga og því mun samvinna við erfðadeild Landspítala aukast verulega. Á árinu er ætlunin að sækja um styrki innanlands og utan í hið minnsta þrjú vísindaverkefni. Framtíð minnismóttökunnar er því full af fyrirheitum!

Eftirlit með uppflettingum í sjúkraskrá

Eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá starfar skv. lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009. Nefndin framkvæmir reglubundnar frumkvæðisathuganir til að kanna umgengni heilbrigðisstarfsmanna um sjúkraskrárkerfin. Meðal annars er athugað með uppflettingar þekktra einstaklinga sem leggjast inn á spítalann, sem og einstaklinga sem tengjast málum sem hafa fengið mikla fjölmiðlaumfjöllun.

Elísabet Benedíks, yfirlæknir stjórnsýsludeildar klínískrar þjónustu, er formaður Eftirlitsnefndar sem skipuð er sjö manns. Hún segir að nefndin fái árlega um og yfir 20 erindi vegna meintra ólögðra

uppflettinga í sjúkraskrá. Þá geri nefndin einnig reglulegar frumkvæðisathuganir. Sé niðurstaða athugunarinnar sú að heilbrigðisstarfsmaður hafi skoðað sjúkraskrá án þess að eiga nokkra aðkomu að meðferð sjúklings, má viðkomandi starfsmaður eiga von á því að það gæti leitt til áminningar í starfi, auk þess sem slíkur öryggisbrestur sé tilkynntur bæði embætti landlæknis og Persónuvernd.

Rafræn fótspor í sjúkraskrárkerfum sýna hvort sjúkraskrá hafi verið opnuð, hver gerði það og hvað var gert. Einnig myndast rafræn fótspor þegar músarbandill er færður yfir nafn sjúklings



á skjáborði, þ.e. svo kallað „dashboard hover“. Starfsmenn ættu að temja sér að merkja sér rétta leið inn í þær sjúkraskrár sem þeir eiga erindi í. Hægt er að skrifa frjálsan texta aftan við staðaltexta í logglogga sem opnast þegar farið er inn í sjúkraskrána.



Fagnaðarfundir á Hringbraut

Fyrsta formlega heimsókn Ölmú Möller heilbrigðisráðherra á Landspítala var afar vel heppnuð. Ráðherra heimsótti meðal annars gjörgæsludeildina á Hringbraut þar sem hún starfaði sjálf lengi, meðal annars sem yfirlæknir. Það voru því fagnaðarfundir með ráðherra og gömlu samstarfsfólki eins og sést á mynd hér á síðunni. Einnig var hús tekið á hjarta- og lungnaskurðeild, hjartadeild og geðþjónustu á Kleppi þar sem ráðherra kynnti sér starfsemina og ræddi við starfsfólk.



Lyfjamál á Landspítala - Lyf án skaða



Arnprúður Jónsdóttir
Forstöðumaður á lyfja-
og næringarþjónustu

Landspítali er þátttakandi í alþjóðlegri og innlendri herferð á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (WHO). Markmið herferðarinnar er að draga úr alvarlegum fyrirbyggjanlegum lyfjaskaða, um 50% fyrir árið 2030. Helstu forgangsmálin eru að upplýsingar geti færst með réttum hætti á milli kerfa við flutning sjúklinga á milli deilda og heilbrigðisstiga, hááhættuádstæður og fjölyfjameðferð.

Bætum 6 Rétt „6R“ lyfjaöryggis

Hjúkrunarfræðingar og klínískir lyfjafræðingar á 11EG hafa unnið að því að bæta ferla við 6R til að draga úr ónaúðsynlegum truflunum, breytingum á lyfjagerbergi og fræðslu um hvernig á að fylgja 6R leiðbeiningum spítalans. Verið er að þróa staðlaðar verklagsreglur fyrir tvöfalt eftirlit við lyfjaumsýslu og merkingar til að styðja við þessa vinnu. Þessar umbætur verða innleiddar á fimm deildum til viðbótar til að byrja með.

Bætum öryggi við notkun insúlíns

Innkirtladeildin, nokkrir sérnámslæknar og klínískir lyfjafræðingar vinna að því að bæta örugga notkun insúlíns á deildum Landspítala. Þau hafa þróað og prófað

kennslufni á A2. Þetta byggir á breytingum sem þegar hafa verið innleiddar á öllum deildum (nýtt Novorapid skema í Therapy, leiðbeiningar um blóðsykursfall og neyðarkassi) auk frekari prófana á stöðluðu blóðsykurseftirliti, upplýsingum um ólíkar insúlín tegundir og meðferðir við háum blóðsykri. Þessu verkefni verður lokið á A2 bráðlega. Áform eru uppi um að draga lærdóm af þessu verkefni og innleiða umbætur á fimm deildum til viðbótar.

Bætum lyfjasamræmingu við komu á sjúkrahús

Teymi lækna og klínískra lyfjafræðinga á lyflæknissviði hefur verið leiðandi í að bæta lyfjasamræmingu við komu á sjúkrahús. Þetta felur í sér fræðslu fyrir lækna um hvernig á að taka og skrá lyfjasögu hjá sjúklingum og stöðlun vinnuferla til að auðvelda læknum að fá aðgang að lyfjaupplýsingum, að ávísa lyfjum við komu og til að efla þverfaglega vinnu með lyfjafræðingum til að auka öryggi sjúklinga með því að tryggja að réttum lyfjum sé ávísað við komu og styðja sjúklinga á flóknum lyfjameðferðum. Teymið hefur unnið náíð með HUT að því að hanna samþætta tæknilausn til að styðja nýtt ferli. Forritun og frekari prófanir á nýju lausninni munu hefjast bráðlega og verður innleitt í áföngum á þessu ári.

Bætum eftirfylgni lyfjameðferða eftir útskrift


Innblásin af Lyf án skaða málþinginu sem var haldið árið 2023, tók teymi á Landakoti af skarið og fann leiðir til að bæta eftirfylgni lyfjameðferða sjúklinga eftir útskrift af sjúkrahúsi. Þau prófuðu að nýta símaráðgjöf klíníks lyfjafræðings 2-4 vikum eftir útskrift og bókun eftirfylgnis hjá heimilislækni fyrir útskrift sjúklings. Eftir að hafa metið árangur verkefnisins ákvað teymið að breyta áherslum og bæta gæði lyfjaupplýsinga til sjúklinga ásamt leiðbeiningum í læknaþreffi við útskrift. Þessi atriði eru mikilvæg til



að bæta lyfjaöryggi. Þau munu einnig leggja áherslu á að aðstoða sjúklinga við að draga úr notkun áhættulyfja eins og benzodíazepína og svefnlyfja við útskrift og halda áfram að styðja við bókun eftirfylgnitíma hjá heimilislækni. Reynslu af þessu verkefni er miðlað áfram í verkefnastofninn Útskrift til að tryggja samlegð í umbótavinnu.

Stefnumótun klínískrar lyfjafræði á Landspítala

Klínískir lyfjafræðingar hafa tekið þátt í vinnustofum til að marka stefnu um klínísku lyfjafræði á Landspítala til ársins 2030. Þau vinna að því að skilgreina hvernig klínískir lyfjafræðingar munu starfa á komandi árum og hvernig þau geti enn betur stuðlað að öruggri notkun lyfja í heilbrigðiskerfinu öllu. Mikill gangur er í þeirri vinnu og stefnan mun líta dagsins ljós innan skamms.



600 nýir kassar fyrir lyfjaflutning komnir í umferð

Verið er að skipta út öllum gömlum lyfjaflutningskössum á Landspítala, sem voru orðnir barn síns tíma. Nýju kassarnir eru bylting fyrir lyfjaflutning frá lyfjaþjónustu. Þeir eru grænir að lit og merktir „Landspítali lyfjaþjónusta.“

NÝTT framhaldsnám fyrir hjúkrunarfræðinga!



HJÚKRUN EINSTAKLINGA MEÐ HJARTASJÚKDÓMA EÐA SYKURSÝKI

Taktu skrefið í þinni starfsþróun! Háskólinn á Akureyri kynnir nýtt framhaldsnám fyrir hjúkrunarfræðinga. Námið veitir sérfræðipekkingu í hjúkrun og er byggt á hæfniviðmiðum Evrópska hjartahjúkrunarfélagsins og Alþjóðasykursýkissambandsins. Þú velur þína sérhæfingu: hjúkrun einstaklinga með hjartasjúkdóma eða hjúkrun einstaklinga með sykursýki.

Námið er ætlað hjúkrunarfræðingum sem

- Vilja efla sérfræðipekkingu sína og klíníska færni
- Langar að taka næsta skref í faglegrri þróun
- Hafa áhuga á rannsóknum og þróun heilbrigðisþjónustu

Tækifæri að námi loknu

- Sérhæfð störf innan heilbrigðiskerfisins á sjúkrahúsum og heilsugæslum
- Kennsla og fræðsla í háskólum
- Frekara nám á doktorsstigi

Inntökuskilyrði

- BSc í hjúkrunarfræði með lágmarkseinkunn 7,0
- Starfsleyfi frá Embætti landlæknis
- Að hámarki átta teknir inn á hvora sérhæfingu annað hvert ár

Gott að vita:

- Námið er kennt í HA í samstarfi við HÍ
- Skyldunámskeið kennd við HA og HÍ
- Þú getur tekið valnámskeið erlendis
- Klínískt nám fer fram á sjúkrahúsum og heilsugæslum, innanlands og erlendis
- Meistaraverkefni er 30 ECTS einingar, valeiningar 10-15 ECTS

2 ára nám

120 ECTS einingar

Lotubundið og sveigjanlegt

Opið er fyrir umsóknir frá
1. mars til og með 5. júní á unak.is



Fræðsla fyrir sjúklinga í einangrun vegna smitsjúkdóma




Sólveig Gylfadóttir
Sérnámshjúkrunarfræðingur á smitsjúkdómadeild

Einangrun á spítala vegna smitsjúkdóma geta haft ýmsar afleiðingar fyrir sjúklinga og hafa rannsóknir gert grein fyrir neikvæðum áhrifum einangrunar. Neikvæð áhrif geta verið andleg og líkamleg, auk þess að hafa áhrif á gæði meðferðar. Dæmi um neikvæð áhrif einangrunar eru meðal annars: kvíði, hræðsla, þunglyndi, einmanaleiki, skömm, byltur algengari, þrýstingssár algengari, spítalasykingar algengari, legudagar eru fleiri, lífsmörk mæld sjaldnar, innlit eru færri og meiri hætta á alvarlegum atvikum svo eitthvað sé nefnt. Í rannsóknum er talað um að helsta óánægja sjúklinga í einangrun sé skortur á upplýsingaflæði og fræðslu. Nýverið var innleidd formleg skrifleg og munnleg fræðsla til sjúklinga í einangrun á A7 smitsjúkdómadeild og innleiðingarferlið rannsakað. Fræðslubæklingur fyrir sjúklinga var unninn í samstarfi við margar starfsstéttir, unninn eftir gagnreyndri þekkingu og síðan gefinn út af Miðstöð sjúklingafræðslu á Landspítala. Fræðslubæklingur fyrir sjúklinga er hugsaður til að upplýsa sjúklinga betur

um einangrunina, koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar einangrunar, auka gæði hjúkrunar og öryggi sjúklinga í einangrun. Fræðslubæklingur fyrir heimsóknargesti fer yfir ýmis atriði sem er mikilvægt fyrir heimsóknargesti að hafa í huga þegar kemur að sýkingavörnum og af hverju einangrun er beitt á spítala.

Fræðslubæklingarnir eru einnig til þess að styðja við heilbrigðisstarfsfólk að veita fræðslu til sjúklinga í einangrun. Fræðslubæklingur fyrir sjúklinga er almennt um einangrun en einnig er hvatt til þess að fræðsluáðili prenti út annað fræðsluefni um tiltekinn sjúkdóm eða örveru sem er ástæða einangrunar. T.d. að veita sjúkling fræðslubækling um einangrun auk fræðslubækling um MÓSA eða c.diff.

Mikilvægt er að veita munnlega fræðslu samhliða skriflegri fræðslu en ekki bara rétta sjúkling fræðsluefnið. Fræðsluáðili veitir munnlega fræðslu með fræðslubækling til hliðsjónar, veitir



sjúkling í einangrun nærveru, félagsskap, sem getur skapað umræður og gefið sjúkling tækifæri til að spyrja spurninga og samtalið gæti styrkt meðferðarsamband milli heilbrigðisstarfsmanns og sjúklings.

Fræðslubæklingur fyrir heimsóknargesti var einnig búinn til og gefinn út af Miðstöð sjúklingafræðslu. Heimsóknargestir fá oftast en ekki stutta munnlega fræðslu þegar þeir koma til aðstandanda í einangrun. Skriflegt fræðsluefni gefur heimsóknargestum tækifæri á að rifja upp, koma auga á eitthvað sem gleymdist að nefna í munnlegri fræðslu eða skerpa á mikilvægum atriðum.

Fræðslubæklingar í gæðahandbók Landspítala

[Einangrun á Landspítala til að fyrirbyggja dreifingu smits \(FRÆ-3816\)](#)

[Einangrun á Landspítala - upplýsingar fyrir heimsóknargesti \(FRÆ-3815\)](#)

Klínísk lyfjafræði á SAK með stuðningi frá Landspítala

Í fyrra var veittur 17 milljóna króna styrkur frá Samstarfssjóði háskólanna til að efla klíniska lyfjafræði á Akureyri og að auki undirbyggja að hluti sérnáms í klínískri lyfjafræði geti farið fram á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Um er að ræða samstarfsverkefni Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Sérnam í klínískri lyfjafræði hófst hér á landi árið 2016 á Landspítala. Þjónusta klínískra lyfjafræðinga á Landspítala og í Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur vaxið gríðarlega undanfarinn áratug en brýnt er að hlúa að uppbyggingu utan

höfuðborgarsvæðisins. Markmið þjónustu klínískra lyfjafræðinga er að bæta gæði, öryggi og hagkvæmni í lyfjamálum sjúklinga.

Halla Laufey Hauksdóttir, klínískur lyfjafræðingur á Landspítala, fer núna á vormisseri einu sinni í mánuði, viku í senn, norður til Akureyrar að starfa á sjúkrahúsinu þar. Fyrsta vikan hennar á SAK var í lok janúar.

Halla Laufey Hauksdóttir, klínískur lyfjafræðingur, Jóna Valdís Ólafsdóttir, deildarstjóri lyfjaþjónustu á Sjúkrahúsinu á Akureyri, og Friðbjörn Sigurðsson, sérfræðingur í krabbameinslækningum.





Sigur vísindanna

Runólfur Pálsson forstjóri og Magnús Gottfreðsson, forstöðumaður vísindadeildar Landspítala, voru á meðal frummælenda á málþingi sem haldið var í tilefni þess að fimm ár eru liðin frá upphafi Covid 19 faraldurs hér á landi.

Landspítali og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands stóðu að málþinginu í

sameiningu en það er hluti af fundaröð undir yfirskriftinni Heilsan okkar.

Í erindum sínum fóru þeir Runólfur og Magnús yfir þann mikla árangur sem náðist í faraldrinum. Runólfur þakkaði heilbrigðisstarfsfólki sérstaklega á meðan Magnús rakti ótrúlega atburðarás sem leiddi af sér þróun bóluafna á met tíma.

Á fundinum kom fram að árangur Íslands í baráttunni við faraldurinn var á alla mælikvarða framúrskarandi, án þess þó að gripið hefði verið til strangari aðgerða en annars staðar. Sannkallaður sigur vísindanna.

Lífshlaupið ræst í Hringstalnum

Lífshlaupið 2025 var ræst í átjándá sinn þann 5. febrúar í Hringstalnum á Landspítalanum við Hringbraut.

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands þar sem landsmenn á öllum aldri eru hvattir til að taka þátt og nota tækifærið til að efla líkama og sál.

Markmið Lífshlaupsins er að fólk hugi að sinni daglegu hreyfingu og auki hana eins og kostur er, t.a.m. í frítíma, vinnu, í skóla og við val á ferðamáta.

[Lífshlaupið](#) skiptist í fjórar keppnir: Grunnskólakeppni, framhaldsskólakeppni, vinnustaðakeppni og hreystihópa fyrir 67 ára og eldri.

Skrá má alla hreyfingu sem nær minnst 30 mínútum samtals á dag hjá fullorðnum og minnst 60 mínútum samtals á dag hjá börnum og unglingum.



Á myndinni eru Guðrún Día Hjaltsted, starfsmannasjúkraþjálfari á Landspítala, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, mennta- og barnamálaráðherra, Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar og mannauðs Landspítala, Eygló Fanndal Sturludóttir, afreksíþróttakona í lyftingum og læknanemi, og Guðrún Aspelund, settur landlæknir.

Krónan fyllti bekki Blóðbankans

Rúmlega tuttugu manna hópur frá Krónunni mætti í Blóðbankann í febrúar til að gefa blóð. Með því vill Krónan vekja athygli á mikilvægi blóðgjafa en Blóðbankann vantar fleiri virka gjafa til að tryggja nægar blóðbirgðir í landinu.

Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, skoraði á önnur félög í eigu Festi til að fylkja liði í Blóðbankann og leggja sitt af mörkum. Málefnið er Guðrúnu sérstaklega hugleikið en faðir hennar hefur gefið blóð 250 sinnum.

Starfsmenn Krónunnar voru léttir í lund þegar þeir tylltu sér í biðrými Blóðbankans. Sumir voru að gefa í fyrsta sinn en aðrir höfðu komið áður. Þessi sami hópur hyggst hér eftir gefa saman blóð á fjögurra mánaða fresti, en reglum samkvæmt mega karlar gefa blóð á þriggja mánaða fresti en konur þurfa að bíða í fjóra mánuði.

„Blóðbankinn er banki allra landsmanna en til að hann geti sinnt sínu hlutverki þurfum við öll að leggja inn,“ segir Guðrún. „Blóðgjöf er ein af undirstöðum heilbrigðiskerfisins og það vantar fleiri blóðgjafa. Það er einfalt að gerast blóðgjafi og við hvetjum eindregið



Starfsfólk Krónunnar fjölmennti í Blóðbankann í febrúar.

þau sem það geta til að taka af skarið og skrá sig. Við viljum einnig fá fleiri fyrirtæki til að taka þátt og skorum því á okkar systurfélög í samstæðu Festi að láta einnig til sín taka. Þetta er einföld leið til að láta gott af sér leiða og þetta skiptir sköpum fyrir þau sem þurfa á að halda. Þannig að við skulum bretta upp ermar, skrá okkur til leiks og vera hreyfiafl í því að fá fleiri til að gerast blóðgjafar.“

Blóðbankinn þjónar öllu landinu

og til að mæta þörfum samfélagsins þarf hann um 70 blóðgjafa á dag. Blóðbankinn er staðsettur á Snorrabraut í Reykjavík og á Glerártorgi á Akureyri. Þá er Blóðbankabíllinn á ferðinni tvisvar til þrisvar sinnum í viku og heimsækir hann þá stærra þéttbýliskjarna í grennd við höfuðborgarsvæðið, menntaskóla, háskóla og ýmis fyrirtæki.

[Hér](#) er hægt að panta tíma í blóðgjöf og [hér](#) er hægt að skoða næstu áfangastaði Blóðbankabílsins.

STARFSMANNAMÁL

Auður nýr deildarstjóri

Auður Sesselja Gylfadóttir hefur verið ráðin sem hjúkrunardeildarstjóri á vöknun. Auður útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2013 og lauk



meistaragraðu í hjúkrun sjúklunga með bráð og alvarleg veikindi, með áherslu á gjörgæsluhjúkrun, árið 2016. Hún lauk meistaragraðu í verkefnastjórnun frá sama skóla árið 2021. Auður hóf störf á Landspítala sem hjúkrunarnemi árið 2010 og starfaði lengst af á Gjörgæslu 12B. Hún var aðstoðardeildarstjóri á Vöknun 12A frá 2019-2021 en hefur undanfarið unnið að innleiðingu velferðartækni í heimþjónustu Reykjavíkurborgar.



Prjónað fyrir vökudeild

Ungur konur í prjónahópnum PrjónaRó afhentu nýverið vökudeild 210 þúsund krónur sem þær höfðu safnað með því að bjóða upp flíkur sem þær höfðu prjónað.

Tvær mæður í hópnum hafa þurft að aðstoð vökudeildar að halda og var uppboðið haldið í þakkætisskyni fyrir

það góða starf sem unnið er á deildinni. Peningurinn sem safnaðist verður notaður til að bæta aðstöðu foreldra á deildinni.

Á myndinni má sjá Sigríði Maríu Atladóttur, deildarstjóra á vökudeild, taka á móti styrknum frá Anítu Ýr Bergþórsdóttur hjá PrjónaRó.

HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Gerum gott betra

Málþing HAuK | 14.mars 2025 | 10:00 – 16:00 | Hótel Natura

Fundarstjórar: Halldóra Hálfánardóttir og Bylgja Kærnested forstöðuhjúkrunarfræðingar

DAGSKRÁ

10:00

Vigdís Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri

10:15

Multidisciplinary perspectives Dr. Jeroen Hendriks

11:20

Stafræn þjónusta fyrir hjarta- og krabbameinssjúklinga - Tækifæri og áskoranir
Davíð Ottó Arnar og Sigríður Gunnarsdóttir

12:15

Hádegisverður og kynning lyfjafyrirtækja

KRABBAMEINSPJÓNUSTA

- 13:00 Fundarstjóri
- 13:10 OECI Accreditation: Ensuring Quality Cancer Care
Simon Oberst
- 13:55 Ferli sjúklings - Til hvers? Agnes Smáradóttir og
Hrönn Harðardóttir
- 14:10 Car-T meðferðir Hallgerður Lind Kristjánsdóttir
- 14:25 Þróun göngudeildarmóttöku sérfræðinga í
hjúkrun á 11BC Þórunn Sævarsdóttir
- 14:40 Kaffi
- 15:00 Endurskoðað eftirlit brjóstakrabbameinssjúklinga
á innkirtlameðferð Kristín Sigurðardóttir
- 15:15 Hnitmiðuð geislameðferð (SRT) við heilamein-
vörpum, aðferðarfræði Jakob Jóhannsson
og Gauti Baldvinsson
- 15:30 Samtalið um meðferðarkmarkmið, skráning óska
og líknarskrá Kristín Lára Ólafsdóttir
- 15:45 Heimaspítali Krabbameinsþjónustu
Halldóra Hálfánardóttir

HJARTAÞJÓNUSTA

- 13:00 Fundarstjóri
- 13:10 Einkennandi gáttatíf og skert lífsgæði – Ný nálgun
Helga Margrét Skúladóttir
- 13:35 Kynning á LSH appi fyrir sjúklinga á biðlista eftir
aðgerð vegna gáttatífs Helga Ýr Erlingsdóttir
- 13:55 Hreyfing, hjartans mál Karl Kristjánsson,
endurhæfingarlæknir á Reykjalundi
- 14:20 POTS: Hvernig lífeðlisfræði stýrir meðferðarúræðum
Tómas Gunnar Tómasson sjúkrapjálafari
- 14:40 Kaffi
- 15:00 Holubringa (Pectus Excavatum) endurbætt ferli
Elinóra Friðriksdóttir
- 15:20 EUROASPIRE: Greining og meðferð áhættuþátta
hjá einstaklingum með kransæðasjúkdóm
Inga Valborg Ólafsdóttir og Karl K. Andersen



Landspítali býr sig undir fjölgun krabbameinstilfella



Sigurdís Haraldsdóttir
Yfirlæknir á
Krabbameinsmiðstöð

Krabbameinstilfellum fer fjölgandi um allan heim og er Ísland þar ekki undanskilið.

Árlega greinast hér um 2.000 manns með krabbamein en gangi spár eftir um 57% aukningu til ársins 2040 þýðir það að greiningarnar verða um 3.000 á ári eftir aðeins 15 ár. Fjölgun krabbameinstilfella kemur m.a. til vegna fólksfjölgunar og breyttrar aldurssamsetningar. Ljóst er að þessi fjölgun mun valda miklu álagi á heilbrigðiskerfið.

Undirbúa vottunarferli með alþjóðlegum samtökum

Landspítali er þegar farinn að huga að því hvernig megi byggja upp þjónustu og undirbúa heilbrigðiskerfið fyrir þessa fjölgun. Ein aðgerðanna sem spítalinn hyggst grípa til er að undirbúa vottunarferli með aðkomu Organization of European Cancer Institutes (OECI) í samstarfi við Háskóla Íslands og fleiri.

Með vottun frá OECI yrði krabbameinsþjónusta á Íslandi fyrsta klíniska heilbrigðisþjónustan sem hlyti alþjóðlega vottun. Þetta hefði ótvíræð áhrif til góðs fyrir íslenska heilbrigðiskerfið þar sem ákveðnir staðlar yrðu settir og þeim fylgt fyrir greiningu og meðferð, rannsóknir á krabbameinum, forvarnir krabbameina, menntun



heilbrigðisstarfsfólk sem og þjónustu við einstaklinga sem eru í aukinni áhættu á að fá krabbamein og/eða greinast með krabbamein.

Landspítali aðili að tveimur stórum verkefnum um miðlun sérfræðiþekkingar

Þá hefur spítalinn hafið þátttöku í tveimur stórum verkefnum sem hleypt var af stökkunum í nóvember 2024 og janúar 2025: EUNetCCC og JANE2. Aðalmarkmið þessara verkefna er að mynda sterk tengslanet til að miðla

sérfræðiþekkingu innan Evrópu um krabbamein. Bæði verkefni eru hluti af umfangsmikilli áætlun ([Europe's beating cancer plan](#)) sem Evrópusambandið hratt af stað árið 2021 og er ætlað að setja mikla fjármuni í forvarnir, greiningu og meðferð krabbameinssjúklinga. Á þriðja tug Evrópulanda taka þátt í þessum verkefnum sem skiptast í um 10 mismunandi vinnupakka þar sem Ísland er þátttakandi í fjórum en mest er framlagið í vinnupakka sem snýr að forvörnum.

Málþing um kvenheilsu

Líf styrktarfélag fagnaði 15 ára afmæli sínu í desember. Til að halda upp á áfangann ætla Líf að standa fyrir málþingi undir yfirskriftinni „Kvenheilsa“, miðvikudaginn 12. mars kl. 17-20 í Fantasíusalnum á 2. hæð á Vinnustofu Kjarvals, Austurstræti 10A.

Á meðal fyrirlesara eru Kolbrún Pálsdóttir, yfirlæknir á kvennadeild, sem mun fjalla um hormónameðferðir og aðra lífstílstengda þætti og tengsl við krabbamein í kvenlíffærum. Sigrún Perla

Böðvarsdóttir, læknir á kvennadeild, ætla að fjalla um frumubreytingar og skimun, Erla Björnsdóttir fer yfir mikilvægi svefnis á heilsu og Halldóra Skúladóttir mun fjalla um hormóna og starfsframa. Einnig verður erindi um áhrif þarmaflórunnar á heilsu frá Birnu G. Ásbjörnsdóttur í Jörth.

Nánari upplýsingar um viðburðinn verður hægt að finna inn á [heimasíðu Lífs styrktarfélags](#).





Afmælishátíð Vísinda á vordögum



Sigríður Bergþórsdóttir
Verkefnastjóri á
Vísindadeild

Uppskeruhátíð vísinda á Landspítala „Vísindi á vordögum“ verður haldin í 25. sinn þann 30. apríl næstkomandi. Eins og áður verður hátíðin haldin í Hringsal þar sem afhending styrkja úr Vísindasjóði

Landspítala fer fram, vísindamenn verða heiðraðir og kynning ágrípa verður á sínum stað. Við fáum til okkar góða gesti sem verða kynntir til leiks þegar nær dregur og veitingar verða að sjálfsgöðu í anda 25 ára afmælisins.

Þátttaka vísindamanna Landspítala í veggspjaldasýningu hátíðarinnar á síðasta ári var margföld samanborið við fyrri ár og vísbendingar um

að vísindastarf sé að lifna við eftir heimsfaraldur. Gangar sýningarinnar iðuðu af lífi og ungir sem og eldri og reyndari vísindamenn nutu þess að ræða sínar rannsóknir, fræðast og vera saman. Við viljum að sjálfsgöðu endurtaka leikinn í ár og hvetjum alla vísindamenn/rannsakendur að senda inn ágríp fyrir hátíðina og fagna á þann hátt 25 ára afmæli Vísinda á vordögum.



Vísindi á vordögum 2025

Vísindaráð Landspítala auglýsir eftir ágrípum vísindaverkefna vegna uppskeruhátíðar vísinda á Landspítala, **Vísindi á vordögum**, sem haldin verður þann 30. apríl næstkomandi. Samþykkt ágríp eru birt á rafrænu formi í fylgiblaði Læknablaðsins.

Einnig er samhlíða óskað eftir tilnefningum til viðurkenningarinnar „**Ungur vísindamaður Landspítala 2025**“.
Skilafrestur er til miðnættis sunnudaginn 23. mars 2025.


Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á visindarad@visindarad.is eða með því að hafa samband við Sigríði Bergþórsdóttur, verkefnastjóra Vísindaráðs í síma 8247086.

IRIS – Rannsóknavirkni á Íslandi

IRIS (Icelandic Research Information System) er kerfi sem sýnir rannsóknavirkni íslenskra háskóla og stofnana sem eiga aðild að kerfinu. Rekstur kerfisins er kostaður af háskólum og stofnunum sem aðild eiga að verkefninu þar á meðal Landspítala. Í IRISi má sjá vísindavirkni rannsakenda og stofnana sem og virkni fræða- og vísindafólks í alþjóðlegu samhengi. Innleiðing kerfisins hófst árið 2022.

IRIS tók við hlutverki Hirslu, varðveislusafns Landspítala sem Heilbrigðisvísindabókasafnið hélt úti. Í Hirslu, sem opnuð var árið 2005, voru skráðar vísindagreinar útgefnar af starfsfólki Landspítala og varðveitt eintök af tímaritsgreinum sem voru í opnum aðgangi. Allar færslur úr Hirslu voru fluttar yfir í IRISi árið 2022.

Þegar IRIS var tekin í notkun var kerfið enn í þróun og ljóst að það myndi taka breytingum eftir því sem vinnu við það vindur fram, þar með talin íslensk þýðing kerfisins. Kerfið er rekið af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, en mennta- og menningarmálaráðuneytið keypti kerfið upphaflega og fól safninu rekstur og umsjón þess. Ákveðið var í upphafi að einn aðgangur yrði keyptur fyrir allar þáttökustofnanir. Í ljós hefur komið að það fyrirkomulag hentar ekki vel og er nú unnið að því að skipta upp kerfinu.



Einfaldara á þá að verða að fá út úr kerfinu þær upplýsingar sem stjórnendur spítalans og stjórnvöld óska eftir.

Rannsakendur sem komnir eru inn í kerfið geta fengið aðgang að sínum eigin síðum til að bæta þar inn ýmsum atriðum og efni sem þeir vilja vekja athygli á. Starfsmaður bókasafnsins sér um að skrá nýjar vísindagreinar frá starfsfólki Landspítala við útgáfu þeirra. Vilji rannsakendur setja annað efni inn, svo sem eldri fræðigreinar, rannsóknarverkefni, efni úr fjölmiðlum og fleira í þeim dúr, þá geta þeir gert það sjálfir. Starfsfólk bókasafnsins leiðbeinir varðandi það ef óskað er.

Leiðbeiningar fyrir rannsakendur um

innskráningu og utanumhald [má finna hérna](#). Hafi rannsakendur einhverjar frekari fyrirspurnir eða vilji fræðast meira um kerfið og sínar eigin síður má senda tölvupóst um það á bokasafn@landspitali.is

Þann 3. mars 2025 eru skráðar 10.206 rannsóknarafurðir frá starfsfólki Landspítala í IRISi, þar af 8.755 vísindagreinar og 341 yfirlitsgreinar. IRIS, rannsóknagátt Landspítala er [hér](#).

Anna Sigríður Guðnadóttir,
verkefnastjóri Heilbrigðisvísindabókasafns
LSH & HÍ
Halldór Marteinsson, bókasafns- og
upplýsingafræðingur

Sérnámslæknar í lyflækningum kynntu rannsóknir sínar

Árleg rannsóknarráðstefna sérnámslækna í lyflækningum fór fram föstudaginn 21. febrúar á Nauthóli. Þar kynntu sérnámslæknarnir rannsóknir sínar sem tengdust allt frá jaðaræxlum í eggjastökkum, brjóst- og magakrabbameinum til íslenska ofvaxtarhjärtavöðvakvillans, Turner heilkennis og óútskýrðra kviðverkja.

Ráðstefnan er mikilvægur vettvangur til að lyfta þeirri mikilvægu vísindavinnu sem sérnámslæknarnir stunda samhliða sérnámi sínu í lyflækningum og að sögn Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, klíníks prófessors og umsjónarlæknis rannsóknarverkefna sérnámslækna í lyflækningum, er um sannkallaða uppskeruhátíð sérnámslæknanna

að ræða. „Hér eru margir af þessum sérnámslæknum að taka sín fyrstu skref í vísindaheiminum og það verður aldrei dregið úr mikilvægi þess að við stundum vísindi á sjúkrahúsum því það er ekki háskólasjúkrahús sem ekki býr yfir vísindavinnu og birtingu þeirra,“ segir Helga Ágústa.

Í ár var ákveðið í fyrsta sinn að veita viðurkenningu fyrir besta ágripið og kynninguna. Hana hlaut Oddný Brattberg Gunnarsdóttir fyrir „Íslenska ofvaxtarhjärtavöðvakvilla verkefnið: Rannsókn á arfberum MYBPC3 landnemastökubreytingarinnar. Niðurstöður ómskoðunar og blóðrannsóknar.“

Í myndbandi, [sem hægt er að sjá hér](#),



er rætt við Helgu Ágústu og Vilmund Guðnason, prófessor emeritus í erfðafræði við Háskóla Íslands og forstöðulækni Hjartaverndar, auk þess sem þrír sérnámslæknar í lyflækningum segja frá verkefnum sínum.



Vöknun orðin sérstæð deild



Sigríður Bryndís Stefánsdóttir
Forstöðuhjúkrunarfræðingur

Um þessar mundir standa yfir breytingar á stjórnskipulagi vöknunar þar sem sameina á vöknun Fossvogi, Hringbraut og kvennadeild, meðal annars með ráðningu eins deildarstjóra og eins yfirlæknis. Þannig er vöknun orðin sérstæð deild með sína eigin stjórnendur.

Búið er að ráða í báðar þessar stöður en Auður Sesselja Gylfadóttir hjúkrunarfræðingur hefur verið ráðin deildarstjóri vöknunar og hóf hún störf þann 1. febrúar.

Ívar Gunnarsson, sérfræðingur í svæfinga- og gjörgæslulækningum, var ráðinn nú um áramótin sem yfirlæknir vöknunar-, innskriftar- og dagdeildarþjónustu svæfingalækninga og hefur hafið störf nú þegar.

Markmið breytinganna er að vöknun fái aukið vægi sem deild og er þetta liður í því að styrkja starfsemina, þverfaglega samvinnu og öryggi sjúklinga. Þá verða deildarstjóri og yfirlæknir vöknunar hluti af sterku stjórnendateymi SKUGG (skurðlækningaþjónusta). Einnig er litið á þessar breytingar sem lið í því að undirbúa starfsemi á vöknun undir flutning í nýjan meðferðakjarna.

Starfsemi vöknunar mjög umfangsmikil

Á vöknun fer fram skammtímaeftirlit með sjúklingum eftir aðgerðir, rannsóknir,

svæfingar og deyfingar. Vöknun er staðsett á Hringbraut, kvennadeild og Fossvogi en starfsemin hefur fallið undir svæfingu síðastliðin fjögur ár og þar á undan gjörgæslustarfsemi. Vöknun Fossvogi og Hringbraut er opin allan sólarhringinn alla daga ársins en á kvennadeild er opið alla virka daga til kl. 17. Tæplega 14 þúsund skurðaðgerðir eru framkvæmdar árlega á skurðstofum Hringbrautar og Fossvogis sem allar fara á vöknun. Auk þess sinnir vöknun eftirliti sjúklinga sem gangast undir svæfingainngrip víðs vegar á útstöðvum Landspítala. Starfsemi vöknunar er því mjög umfangsmikil.

Hjúkrun sjúklinga á vöknun hefur breyst mikið á undanförunum árum. Þróun í skurðaðgerðum hefur gert það að verkum að það sem áður voru opnar stórar aðgerðir með langri legu í kjölfarið eru orðin minni inngrip með útskrift samdægurs. Þetta þýðir fleiri styttri aðgerðir yfir daginn þannig að flæði sjúklinga er mun meira og hraðinn á vöknun mikill. Þá blandast í þetta að aðrar tegundir skurðaðgerða eru orðnar stærri og viðameiri en áður sem þýðir sérhæfðari vöktun til að minnka líkur á fylgikvillum í kjölfar skurðaðgerða.

Með breytingum fylgja ný tækifæri

Það fylgja fjöldamörg tækifæri því að sameina vöknun Fossvogi, Hringbraut og kvennadeild. Deildin öðlast aukið sjálfstæði með sína stefnu og sýn. Stefnt er að því að vöknun sem deild setji upp

sína eigin starfsáætlun með áherslu á hæfni starfsfólks og þjónustu við sinn sjúklingahóp. Þá eru verkefni nýrrar deildar meðal annars að styrkja samstarf við aðrar deildir eins og gjörgæslu, skurðstofu, bráða- og dagdeildir. Hjúkrun á vöknun gegnir veigamiklu hlutverki í því að koma í veg fyrir og grípa inn í feril sjúklings áður en til mögulegra fylgikvilla inngrips kemur. Algengustu fylgikvillarnir eru bráðir verkir, súrefnisskortur, ógleði, uppköst, óráð, ofkæling og fleira. Rannsóknir sýna að flestir fylgikvillar eftir inngrip með svæfingu koma fram á fyrstu fimm klukkustundunum eftir inngripið. Hjúkrunarfræðingar þurfa að vera mjög hæfir og hafa þekkingu og færni í meðferð og umönnun sjúklinga eftir mismunandi aðgerðir sem krefst sérhæfðrar og einstaklingsmiðaðrar umönnunar. Hægt er að greina aukaverkanir snemma með fullnægjandi hjúkrunareftirliti, umönnun og meðferð á vöknun og þannig draga úr tíðni fylgikvilla, dánartíðni og lengd sjúkrahúslegu með tímanlegu inngripi.

Vonir standa til að þessar breytingar á stjórnun vöknunar feli í sér framþróun á því starfi sem þar fer fram. Þverfagleg samvinna skiptir hér höfuðmáli eins og á öðrum bráðadeildum Landspítala.

Þá verður áhersla á að þjálfun og menntun hjúkrunarfræðinga fái aukinn framgang enda hefur hjúkrun sjúklinga á vöknun sem sérhæfing innan hjúkrunar verið í mikilli sókn erlendis undanfarin ár.



Það er tími til að tengjast!

Landspítali tekur stórt skref í stafrænum samskiptum þegar við færum okkur frá Workplace og yfir í Teams og Viva Engage í vor.

Þetta eru talsverðar breytingar en eins og alltaf náum við bestum árangri þegar við tökum öll höndum saman.

Viva Engage, sem verður bæði fréttaveita og samfélagsmiðill spítalans, verður opnað í lok apríl og verður aðgengilegt í gegnum Teams. Þið getið hins vegar byrjað að nota Teams í deildar- og teymisvinnu strax í dag.

Á **innri vefnum** er hægt að nálgast gagnlegar upplýsingar, leiðbeiningar, kynningar- og kennslumyndbönd. Ef spurningar vakna, þá erum við hér fyrir þig – hafðu samband á tengjast@landspitali.is.

Kjarkur á Kleppi er byrjaður að nota Teams. Hvað með þig?



Endurbætur á skurðstofum á Hringbraut



Björg Vigfúsdóttir
Verkfræðingur

Á skurðstofum á Hringbraut var kominn tími á að endurnýja lofthengdar lausnir (súlur), og var ákveðið að ráðast í uppfærslu þeirra. Eftir útböð voru keyptar nýjar súlur frá þýska framleiðandanum Dräger í gegnum Icepharma. Nýlega var lokið við að skipta út súlum á skurðstofum 3, 4 og 6, og í leiðinni voru gerðar verulegar endurbætur á rýmum þeirra. Verkefnið var unnið í samstarfi milli 12CD, Heilbrigðistækni og Hönnunar og Framkvæmda, sem tryggði vandaða framkvæmd og samræmingu allra þátta. Meðal þeirra breytinga sem voru framkvæmdar var að skipt var um gólfduk, rafræn gluggatjöld, loftljós og veggir málaðir upp á nýtt. Einnig var CO₂ lagt miðlægt að stofunum, sem gerir kleift að hætta notkun gaskúta og eykur þannig bæði öryggi og þægindi starfsfólks.



Á báðum skurðstofunum voru settar upp tvær súlur – ein tvöföld svæfingarsúla við höfðagafl skurðborðs og önnur tækjasúla. Tækjasúlan er sérstaklega hönnuð fyrir speglunarstæðu og verður nú föst inni á stofunni, í stað þess að vera á færanlegri stæðu. Þetta gefur meira gólfpláss, bætir vinnuástöðu og eykur hreinlæti. Með þessari lausn er einnig tryggt að CO₂ gas sé leitt í gegnum lagnir í súluna, sem kemur í veg fyrir vandamál sem geta skapast ef gaskútur klárast í krítískum aðstæðum.

Í framhaldinu er áætlað að setja upp víftukerfi og leggja lagnir að stofunum



svo hægt sé að leiða reyk beint út af skurðstofunni í gegnum súlurnar. Einnig er þegar hafinn undirbúningur fyrir endurbætur á næstu tveimur skurðstofum.



STARFSMANNAMÁL

Ingibjörg nýr deildarstjóri á göngudeild 10E

Ingibjörg Magnúsdóttir hefur verið ráðin deildarstjóri á göngudeild 10E á Hringbraut, sem samanstendur af þremur teyllum: Ígræðslu-, kviðarholis og



meltingarteymi. Ingibjörg útskrifaðist úr hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1997. Hún hefur langa starfsreynslu á Landspítala og lengst hefur hún starfað á bráðamóttöku sem hjúkrunarfræðingur. Einnig hefur Ingibjörg verið að sinna kennslu fyrir menntasvið LSH. Ingibjörg hefur starfað síðustu 7 ár á göngudeild 10 E sem hjúkrunarfræðingur og jafnframt tekið þátt í gæða- og umbótavinnu á deildinni.


Landspítali á Framadögum

Framadagar voru haldnir í Háskólanum í Reykjavík í febrúar. Starfsfólk Landspítala lét sig ekki vanta og kynnti starfseminna, og allar þær fjölmörgu ólíku starfsgreinar sem finna má innan spítalans, fyrir áhugasömum

háskólanemum. Framadagar eru haldnir árlega í HR með það að markmiði að gefa háskólanemum tækifæri til að kynna sér fyrirtæki og fjölbreytta möguleika á sumarstörfum, framtíðarstörfum eða verkefnavinnu.

Gæðahandbók er hluti af gæðastjórnunarkerfi Landspítala og er ætlað að hjálpa til við að tryggja samræmi og áreiðanleika í þjónustunni. Árið 2014 ákvað framkvæmdastjórn að allt skjalfest verklag yrði vistað í gæðahandbók og nú er svo komið að rúmlega 10.000 skjöl eru útgefin í gæðahandbók Landspítala. Þar er meðal annars að finna stefnuskjöl, verklagsreglur, vinnulýsingar og fræðsluefni til sjúklinga. Útgáfa skjala gengur vel og gefin eru út nokkur hundruð skjöl í hverjum mánuði. Öll gæðaskjöl eru með skilgreindan endurskoðunartíma og nú bíða 2.900 skjöl endurskoðunar. Á þessu ári hefur gæðadeildin því ákveðið að leggja áherslu á endurskoðun skjala í stað þess að vinna að nýjum skjölum.

Ytri aðilar geta sótt um aðgang að gæðahandbók Landspítala og eru vel flestar heilbrigðisstofnanir landsins með slíkan aðgang. Allt fræðsluefni til sjúklinga er aðgengilegt öllum á ytri vef Landspítala.




Öryggi sjúklinga í forgangi

Tilgangur með atvikaskráningu er að bæta öryggi sjúklinga, greina áhættur og tryggja úrbætur. Farið er yfir öll skráð atvik sjúklinga og þau áhættumetin. Við matið er litið til afleiðinga eða hugsanlegra afleiðinga fyrir sjúkling. Flokkur 1 er væg áhætta, flokkur 2 er miðlungsáhætta og mikil áhætta er flokkur 3. Hvert einasta atvik er skoðað og metið. Stjórnendur greina megin

orsök atviks, ákveða úrbætur og upplýsa starfsfólk og sjúklinga/aðstandendur allt eftir eðli atviks í samvinnu við gæðastjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar bera ábyrgð á úrvinnslu alvarlegra atvika í samráði við stjórnarsýsludeild klínískrar þjónustu (SKP) og tilkynna þau til Embættis landlæknis og eftir atvikum til lögreglu.

Fjölgun atvika milli ára

Skráð atvik sjúklinga árið 2024 voru alls 5663 og frá árinu 2020 hefur orðið 20% fjölgun atvika. Langflest eru í flokki 1 og atvik flokkuð í áhættuflokk 2 voru um það bil 10% af öllum skráðum atvikum síðustu 3 ár. Árið 2024 voru skráð ellefu atvik sjúklinga sem enduðu í áhættuflokk 3 sem er alvarlegt atvik. Flest atvik sjúklinga voru skráð á bráða-, lyflækninga og endurhæfingþjónustu eða 42,5% allra atvika á Landspítala. Fjölgun á skráðum atvikum sjúklinga má að einhverju leyti rekja til aukinnar vitundar um öryggi sjúklinga og skráningu á atvikum. Sem dæmi um feril sem tekinn var til endurskoðunar nýlega í kjölfar atviks er yfirsetuferillinn, [Yfirseta fyrir sjúklinga á legudeildum og bráðamóttökum á Landspítala](#).



Atvik tengd lyfjameðferð eru algeng á spítalanum og er sífellt verið að leita leiða til að koma í veg fyrir þau atvik. Nú í febrúar var gefið út gæðaskjal um tvöfalt eftirlit hjúkrunarfræðinga við lyfjatiltekt og undirbúning lyfjagjafa, [Lyfjagjafir - tvöfalt eftirlit](#). Með tvöföldu eftirliti er átt við að tveir hjúkrunarfræðingar framkvæmi yfirlestur lyfjafyrirmæla lækis, lyfjaskammta og útreikning, sitt í hvoru lagi og niðurstöður bornar saman áður en lyfið er gefið. Í skjalinu er tekið fram í hvaða tilfellum á ávallt að framkvæma tvöfalt eftirlit. Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem nefnist Lyf án skaða og má lesa nánar um [annars staðar í blaðinu](#).

Algengasti yfirflokkur atvika árið 2024 er „Atvik tengd umhverfisaðstæðum“ og af þeim eru 75% (1215) skráð í undirflokkinn föll (byltur).



Bak við spegilinn

Ráðstefna barna- og unglíngageðdeildar Landspítala (BUGL) um meðferð og áskoranir barna og ungmenna með átroskun, fór fram í lok janúar. Fjallað var m.a. um listmeðferðir, aðkomu fjölskyldu í meðferðum, vöðvafíkn og átraskanir í íþróttum, auk þess sem fyrirverandi þjónustuþegi og aðstandandi sögðu sögu sína.

Í þessu myndbandi er rætt við Unnstein Jóhannsson, verkefnastjóra og ráðgjafa hjá BUGL, Guðrúnu Erlu Hilmarsdóttur, verkefnastjóra og þroskaþjálfara hjá BUGL, Söshu Gorell, lektor við geð- og atferlisfræðideild Kaliforníuháskóla í San Francisco, og Ragnhildi Þórðardóttur (Röggu nagla), sálfræðing.



STARFSMANNAMÁL

Hlíf nýr forstöðulæknir

Hlíf Steingrímsdóttir hefur verið ráðin sem forstöðulæknir hjarta-, augn- og krabbameinsþjónustu. Hlíf útskrifaðist úr Læknadeild Háskóla Íslands



árið 1992 og fór síðan utan til sérnáms í lyflækningum og blóðsjúkdómum við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi. Eftir sérnám hefur Hlíf starfað á Landspítala, fyrst sem sérfræðingur í blóðlækningum og á árunum 2002-2014 sem yfirlæknir blóðlækninga. Hún sat í framkvæmdastjórn Landspítala árin 2014-2022, fyrst sem framkvæmdastjóri lyflækningasviðs og síðar sem framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs. Frá árinu 2023 hefur Hlíf gengt stöðu yfirlæknis þróunar dag- og göngudeilda á þróunarsviði og var skipuð formaður lyfjanefndar Landspítala frá 1. desember 2023.



Vantar þig tæknihjálp?

Opið hús Þróunarsviðs | Ásinn, Hringbraut | 19. mars frá 8.30 - 12.30

Á staðnum verða einstaklingar frá Verkefnastofu, Þjónustumiðstöð/1550 og Stafrænni framþróun.

Markmiðið með deginum er að veita svör og leiðbeiningar varðandi verkefni sem þróunarsvið sinnir og tölvukerfi spítalans. Lánstölvur verða til staðar svo fólk geti skráð sig inn á sitt svæði.

Meðal annars verður veitt aðstoð með:

- Heilsugátt
- Microsoft Teams og Viva Engage
- Verkefnagátt
- Landspítala Appið
- Mælaborð (Power BI) á Landspítala
- Company Portal og Authenticator
- Smástund appið fyrir vinnustund
- Vefverslun Orra

BÖRN Í BRÁÐUM VANDA

Bráðadagurinn 7. mars 2025 - Hótel Natura Reykjavík

Þverfagleg ráðstefna bráðþjónustu Landspítala

Skráning og nánari upplýsingar á www.landspitali.is/bradadagurinn

DAGSKRÁ:

09.00 - 09.10

Setning Bráðadagsins

Hjalti Már Björnsson, formaður undirbúningsnefndar

09.10-09.50

Opnunarfyrirlestur - Bráðamóttaka fyrir börn

Bergþór Steinn Jónsson, barnabráðalæknir á SAK

09.50-10.10

Bráðaómun barna

Eva Hrund Hlynsdóttir, bráðalæknir á Landspítala

10.10-10.30

Kaffihlé

10.30-10.50

Tækjabúnaður/öpp/verkferlar

Margrét Sigurðardóttir, barnalæknir

10.50-11.30

Börn og fíknisjúkdómar

Fræðsla og umræður, nánar auglýst síðar

11.30-12.10

**Heilbrigðisþjónusta við börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi
– pallborðsumræður**

12.10-12.40

Hádegishlé

12.40-13.30

Stutt erindi

- **Endurlífgun nýbura, innleiðing sérhæfðs námskeiðs (NLS)**
Hrólfur Brynjarsson
- **Slævingar barna fyrir inn grip innan spítala**
Svana Katla Þorsteinsdóttir
- **Faraldsfræði og endurhæfing endurtekinna höfuðáverka hjá börnum 0-17 ára á Íslandi frá 2010-2021: afturskyggn rannsókn**
Sara Ívarsdóttir
- **Upplifun foreldra á gæðum þjónustu við börn 12 ára og yngri á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi eftir innleiðingu verklags**
Þórdís Edda Hjartardóttir
- **Komur vegna rafskútuslysa á Landspítala sumrin 2023 og 2024**
Helga Margrét Þorsteinsdóttir

13.30-14.00

Hvernig eflum við bráðþjónustu við börn á Íslandi?
Pallborðsumræður og ályktun

14.00

Ráðstefnuslit





Verkefnastofa

Ferli tilvísana - B&T



Hildur Guðrún Elíasdóttir
Stjórnandi verkefnastofns

Forgangsverkefni

Eitt af fyrstu forgangsverkefnum nýrrar framkvæmdastjórnar í janúar 2023 var að hefja formlega innleiðingu á ferli tilvísana: B&T, svæði í Heilsugátt sem safnar saman öllum tilvísunum sem berast til ákveðinnar sérgreinar/deildar. Þaðan er einnig hægt að upplýsa tilvísanda og sjúkling um að tilvísun hafi verið móttækin.

Vonir stóðu til að innleiðingu yrði lokið á fyrsta ársfjórðungi 2023. Verkefnið reyndist þó töluvert stærra og flóknara í sniðum en talið var og þegar þessi orð eru skrifuð tveimur árum síðar er verið að ljúka innleiðingu hjá allra síðustu deildunum. Heildarfjöldi deilda/sérgreina sem nota B&T borð í dag eru í kringum 65.

Þjónustuloforð

Þjónustuloforðið er að tilvísanir skulu afgreiddar innan 24 klst á virkum dögum.

Power BI mælaborð er tengt við B&T borð hverrar einingar og sýnir það m.a fjölda afgreiddra tilvísana í gegnum B&T borð. Yfir 50 þúsund tilvísanir voru afgreiddar í gegnum B&T borð árið 2024.

Eftirtaldir einingar fá sérstakt hrós fyrir að standa sig vel í að uppfylla þjónustuloforðið árið 2024:

Fæðingavakt
Geislameðferð krabbameina
HERA sérhæfð líknarþjónusta
Næringarstofa
Sjúkrahótel Landspítala
Æðaskurðlækningar



Átaksverkefni í Heilsugátt

Fljótlega eftir að innleiðing á B&T hófst kom í ljós að þekking starfsfólks á Heilsugátt var mjög misjöfn, allt frá mjög lítilli þekkingu upp í að nota Heilsugátt daglega í klínískum störfum. Því var ráðist í eins árs átaksverkefni sem miðar að því að þjálfa starfsfólk og fór það verkefni af stað janúar 2025.

Þjónustumiðstöð 1550

Allar fyrirspurnir eða óskir um aðstoð í tengslum við B&T borð og tengdar vörur skal senda á Þjónustumiðstöð.

Yfirfærsla læknisfræðilegrar ábyrgðar

Árið 2023 voru bráðainnlagnir frá Bráðamóttökum á Landspítala rúmlega 12.000 og skiptist niður á um 30 mismunandi sérgreinar. Yfirfærsla læknisfræðilegrar ábyrgðar við bráðainnlagnir er flókið ferli sem reynir á marga ólíka þætti. Úttektir hafa sýnt að þarna sé einn hættulegasti tími í ferli sjúklings innan heilbrigðiskerfisins og hættan á frávikum töluverð. Í dag er yfirfærsla ábyrgðar gerð á margvíslegan hátt innan Landspítala og eru flestar sérgreinar með sitt eigið verklag um yfirfærslu ábyrgðar. Ekki alltaf hægt að rekja í sjúkrahús hvenær óskað hefur verið eftir yfirfærslu, hvenær yfirfærsla er samþykkt eða hvenær eða af hverju yfirfærsla var hafnað af sérgrein.

Sérhæfð heilbrigðisþjónusta kallar á að

samræma aðkomu margra meðferðaraðila til að tryggja örugga yfirfærslu ábyrgðar við bráðainnlagnir, tryggja að mikilvægar upplýsingar komist til skila og séu rekjanlegar í sjúkraskrá. Eykur það öryggi bæði sjúklinga og starfsfólks. Framkvæmdastjóri lækninga, Tómas Þór Ágústsson, setti því af stað verkefni með það markmið að skýra ábyrgð, tryggja rekjanleika, samræma og staðla verklag sem og að einfalda yfirfærslu læknisfræðilegrar ábyrgðar á milli sérgreina.

Hingað til hefur verkefnahópurinn verið að kynna þessa nýja nálgun fyrir sérgreinum sem og stýrt hugmyndavinnu, með þverfaglegu teymi lækna, að hugbúnaðarlausn sem tryggir samræmda og örugga yfirfærslu ábyrgðar milli

sérgreina og vinnur Nýþróun nú að því að útfæra þá lausn. Stefnir er að því að fara í „pilot“ innleiðingu á nýju verklagi við yfirfærslu læknisfræðilegrar ábyrgðar á lyflækninga-, hjarta-, bæklunarskurð- og skurðþjónustu á þessari önn. Næsta haust er svo stefnt á að innleiða samhæft verklag við yfirfærslu læknisfræðilegrar ábyrgðar við bráðainnlagnir á öllum sérgreinum spítalans.

Rúna Guðmundsdóttir,
verkefnastjóri á Verkefnastofu

Heiða Björk Gunnlaugsdóttir,
gæðastjóri á Gæðadeild

Hrönn Guðbjartsdóttir, verkefna- og
gæðastjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra
hjúkrunar- og lækninga

Ný tækni við meðferð á gáttatífi




**Kristján Guðmundsson
og Sigfús Gizurarson**
Sérfræðilæknar

Í febrúar byrjuðum við í Hjartaþjónustu Landspítalans að nota nýja tækni við meðhöndlun á gáttatífi. Um er að ræða aðferð sem kallast Pulsed Field Ablation (PFA). Þessi aðferð er öruggari, nákvæmari og fljótlegri.

Gáttatífi er algengasta hjartsláttartruflunin. Truflunin orsakast af óreglulegum rafboðum í gáttum hjartans, sem leiða til hraðari og óreglulegri hjartsláttar. Meðferð við gáttatífi fer eftir alvarleika einkenna, undirliggjandi áhættuþáttum og heilsufari sjúklings. Lyfjameðferð er fyrsta skrefið og getur falið í sér blóðþynnandi lyf til að minnka hættuna á blóðtappa, auk hraðastillandi lyfja til að stjórna hjartsláttarhraða.

Ef lyfjameðferð dugar ekki til er oft gripið til rafvendingar, þar sem hjartað er endurræst með rafstuði til að ná aftur reglulegum takti. Í erfiðari tilvikum er boðið upp á ablation (brennsla eða frýsting), sem felst í því að eyða/einangra vef í hjartanu sem veldur gáttatífi.

Hingað til hafa radiofrequency ablation (brennsla) eða cryoablation (frýsting) verið í boði fyrir sjúklinga hérlandis. Þessar aðferðir nota annaðhvort hita eða kulda til að eyða rafleiðni í hjartavöðvum. Þær eru árangursríkar, en geta skaðað nærliggjandi vefi. Sem dæmi um



Helstu kostir PFA:

- **Öryggi:** Minni hættu á skemmdum á nærliggjandi vefi.
- **Nákvæmni:** Aðferðin hefur aðeins áhrif á þau svæði sem valda taktruflunum.
- **Stytttri aðgerðartími:** Aðgerðin tekur styttri tíma en með eldri tækni.
- **Skjótari bati:** Sjúklingar eru fyrr að jafna sig og hafa minni einkenni í kjölfar aðgerðar.

fyrir vefi hjartans. Árangur meðferðar er þó eins og er hinn sami samkvæmt rannsóknunum en gera má ráð fyrir að rúmlega 70% sjúklinga sem gangast undir meðferðina losni við gáttatífi. Þetta er mun betri árangur en með taktstillandi lyfjum.

Fyrstu PFA-

aðgerðirnar á Landspítalanum hafa gengið vel og er ekki ólíklegt að þessi nýja tækni muni gjörbreyta meðferð við gáttatífi á komandi árum. Markmiðið er að bæta árangur og lífsgæði sjúklinga sem glíma við þessa algengu hjartsláttartruflun.

fylgikvilla er þrönging í lungnabláæðum, lömun á þindartaug og myndun fistils milli vinstri gáttar vélinda. Þetta eru þó sem betur fer sjaldgæfir fylgikvillar.

Hvað er PFA?

Pulsed Field Ablation (PFA) er ný tegund af ablation sem byggir á rafpúlsum í stað hita eða kulda. Tæknin notar elektroporation, sem veldur því að frumur á viðkomandi svæði verða gegndræpar og deyja án þess að nærliggjandi vefir skemmist. Þar sem hjartavöðvafruur eru sérlega næmar fyrir þessari orku verður meðferðin sértæk

Starfsfólk fari að bera litaðar merkingarklemmur

Stefnt er að því á næstu vikum að taka í notkun á Landspítala merkingarklemmur í ólíkum litum fyrir sextán mismunandi starfsgreinar þar sem starfsheitið kemur skýrt fram.

Klemmurnar eru festar á fatnað starfsfólks og er tilgangurinn að auðvelda sjúklingum, aðstandendum þeirra sem og starfsfólki spítalans að átta sig betur á því hver er hvað. Borist hafa þónokkrar ábendingar frá sjúklingum og aðstandendum að þeir eigi erfitt með að greina hver gegnir hvaða hlutverki. Starfsfólk í ólíkum störfum klæðist oft eins, og ekki er alltaf auðvelt að lesa á starfsmannaskilríkin sem fólk



ber. Ein af áherslum Landspítala er að hlusta betur á raddir sjúklinga og með merkingarklemmunum er verið að koma til móts við þær. Að auki eykur þetta



öryggi sjúklinga í bráðum aðstæðum þegar þverfagleg aðkoma er nauðsynleg og mikilvægt að hlutverk hvers og eins séu auðséð.

Hæfniviðmið fyrir sjúkraliða



**Elfa Pöll
Grétarsdóttir**
Sérfræðingur í hjúkrun

Hæfni er skilgreind sem samspil þekkingar, færni og viðhorfa sem gerir einstaklingum kleift að framkvæma verkefni eða leysa vandamál á árangursríkan hátt. Hæfni skiptist í miðlæga og sérhæfða. Miðlæg eiga almennt við alls staðar en sérhæfð eiga við um þá sérþekkingu sem snýr að ákveðnum sjúklingahópum.

Settur hefur verið upp hæfniramma þar sem hæfni er skipt upp í fimm hæfniflokka og fjögur hæfnistig sem byggjast á hugmyndafræði Patriciu Benner „From novice to expert“.

Nýliði er nýr í starfi, hann kemur með grunnþekkingu úr námi en er nýr á Landspítala og þarf að læra ýmislegt tengt verklagi, kerfum og umhverfi spítalans. **Vel á veg kominn** hefur náð ákveðinni grunnfærni í starfi og skilningi á viðeigandi verklagi. **Reyndur** er sjálfstæður og öruggur í vinnubrögðum og er öðrum fyrirmynd, hann hefur aukna ábyrgð og tekur þátt í innleiðingum á nýju verklagi. **Sérhæfður** er leiðtogi á sinni deild, hefur virkt eftirlit með gæðum og að verklagi sé fylgt.

Ávinningur hæfniviðmiða fyrir sjúkraliða


Með því að hafa vel skilgreind hæfniviðmið fyrir mismunandi hæfnistig verður starfsþróun markvissari og betur skipulögð. Störf sjúkraliða verða betur skilgreind og þar með verður þekking þeirra meira virði og tækifæri til starfsþróunar áþreifanlegri. Á þennan hátt verða sjúkraliðar valdefldir sem mun skila



sér í aukinni starfsánægju og minni starfsmannaveltu.

Ávinningur fyrir sjúklinga og stjórnendur.

Gera má ráð fyrir að gæði þjónustu og öryggi sjúklinga aukist við að starfsþróun sjúkraliða verði eflað í gegnum hæfniviðmið. Með virkri hæfnistjórnun fá stjórnendur betri yfirsýn yfir starfsmannahópinn sem auðveldar úthlutun verkefna miðað við hæfni. Auk þess veitir það yfirsýn yfir hvar þarf frekari þekkingu og þjálfun.



Staðan nú og næstu skref

Miðlæg hæfniviðmið fyrir áhersluatriði hjúkrunar á Landspítala (byltur, óráð og þrýstingssár) eru tilbúin í öllum hæfnistigum og verða kynnt á næstu dögum og vikum. Í tengslum við þessa vinnu er námsskrá sjúkraliða innan Landspítala í endurskoðun og stefnt að því að stórauka námsframboð til þeirra. Unnið er að fleiri miðlægum hæfniviðmiðum í umboði framkvæmdarstjóra hjúkrunar.

Aðstandendur þurfa líka þjónustu

Aðstandendur eru aðalstuðningsaðilar þeirra sem leita aðstoðar hjá geðþjónustu Landspítala og því mikilvægt að þeir fái góðar móttökur, fræðslu og upplýsingar þegar þeir koma þangað.

Í byrjun febrúar voru nokkrir aðstandendur fengnir á vinnustofu hjá geðþjónustunni til að segja sína sögu, í

því skyni að bæta þjónustu spítalans.

Í myndbandi, [sem sjá má hér](#) segir Halldóra Friðgerður Víðisdóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur í geðþjónustu Landspítala, frá vinnustofunni og hvernig aðstandendur eru lykilmanneskjur í að styðja við bataferli sjúklinga.





DCD Á ÍSLANDI

Líffæragjafir - DCD (Donation after Circulatory Death)

Miðvikudaginn 5.mars 2025 | kl: 09:00-16:00 | Hringsalur

Fundarstjórar: Sigrún Ásgeirsdóttir og Kristinn Sigvaldason gjörgæslu- og svæfingalæknar

FYRIRLESARAR

Pia Löwhagen. Svæfinga- og gjörgæslulæknir, Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg.
Umsjónarlæknir líffæragjafa í Vestra Gautlandi í Svíþjóð (Västra Götalands region, VGR).
Talar um lífslokameðferð og DCD út frá sjónarhóli gjörgæslulæknis.

Ingrid Sandgren. Gjörgæsluhjúkrunarfræðingur á Varberg sjúkrahúsinu.
Umsjónarhjúkrunarfræðingur líffæragjafa í VGR.
Fer yfir hlutverk hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeild og fleira sem tengist umönnun sjúklings og aðstandenda í DCD ferlinu.

Monica Thomson. Skurðhjúkrunarfræðingur í líffæragjafateymi Sahlgrenska sjúkrahússins.
Fer yfir hlutverk skurðhjúkrunarfræðinga og mikilvægi undirbúnings á skurðstofu.

Hádegishlé

Markus Gäbel. Líffæraígræðslu-skurðlæknir.
Talar um líffæragjafaferlið frá sjónarhóli skurðlæknisins, fyrir öll líffæri sem notuð eru. Ræðir bæði um Rapid Recovery (fyrir lungu og nýru) og NRP.

Petra Vestlund. Samhæfingastjóri líffæraígræðsluteymis (koordinator).
Ræðir um hlutverk þeirra í heildarferlinu kringum hverja líffæragjöf.

*Fyrirlestrarnir eru hluti af fræðslu og þjálfun í tengslum við DCD líffæragjafir á Landspítala.
Léttar veitingar í boði.*



Fræðsluefni verður stafrænt

Miðstöð sjúklingafræðslu hefur umsjón með útgáfu fræðsluefnis fyrir sjúklinga og aðstandendur á Landspítala. Markmið með útgáfunni er að fræðsluefnið komi að gagni fyrir fólk sem sækir þjónustu á spítalann. Miðstöð sjúklingafræðslu byggir starf sitt á gagnreyndri þekkingu, samvinnu við sérfræðinga á hverju sviði, samvinnu við notendahópa ef því verður við komið og gætir þess að útgefið efni samræmist gildandi vinnubrögðum á spítalanum hverju sinni. Allt fræðsluefni sem miðstöðin hefur umsjón með er vistað í gæðahandbók Landspítala og flest af því er aðgengilegt á landspitali.is

Ósk um fræðsluefni

Ábendingar um þörf fyrir fræðsluefni eða drög að því geta borist til miðstöðvarinnar frá sjúklingum, aðstandendum, starfsmönnum eða sjúklingasamtökum. Algengast er að fræðsluefni sé gefið út sem ritað mál á pappír eða vef en einnig hafa verið gefin út myndbönd og myndefni til birtingar á skjám. Miðstöðin starfar náið með grafískum hönnuði Landspítala og ef við á með ljósmyndara og kvikmyndatökumanni samskiptateymis. Árið 2024 bárust miðstöðinni 105 beiðnir. Dæmi um útgefið efni 2024 er um endómetríósu, byltuhættu við útskrift, svfntruflanir aldraðra, lyfjameðferð vegna virks berklasmits og myndband um gjöf mótefna undir húð.

Útgáfa fræðsluefnis fyrir sjúklinga hefur undanfarin ár breyst úr því að vera fyrst og fremst prentað mál á pappír í stafrænt efni á netinu. Birting á netinu felur í sér möguleika á margmiðlun með vísun í myndbönd og vefsvæði með hlekkjum eða QR-kóðum. Efni sem áður var gefið út í einföldum bæklingi getur nú birst samtvinnnað sem vefefni, pdf-



skjal, myndband, skjámyndir og jafnvel tölvuleikir. Sjúklingar fá viðeigandi efni sent persónulega, til dæmis sem undirbúning fyrir rannsókn eða aðgerð, í Landspítalaappið eða Heilsuveru.

Þýðingar

Fjölgun sjúklinga með annað móðurmál en íslensku kallar á að fræðsluefni standi til boða á fleiri tungumálum en íslensku. Frá 2023 hefur miðstöðin haft milligöngu um og umsjón með þýðingum og útgáfu fræðsluefnis á ensku og pólsku í samstarfi við viðurkennda þýðingarstofu. Beiðni um þýðingu þarf að berast frá deildum og kostnaður er greiddur af starfseiningu verkbeiðanda. Fræðsluefni sem á að þýða þarf að vera nýuppfært í gæðahandbók Landspítala á íslensku. Þýðing, yfirfarin af heilbrigðisstarfsmanni með færni í viðkomandi tungumáli, er einnig vistuð í gæðahandbók.

Þjónusta

Miðstöð sjúklingafræðslu á Landspítala var stofnuð 2019. Hún heyrir undir framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjá henni starfa þrír hjúkrunarfræðingar í 1,7 stöðugildum. Með miðstöðinni starfar ritstjórn sjúklingafræðsluefnis til stuðnings. Miðstöðin aðstoðar starfsfólk Landspítala við undirbúning og endurskoðun fræðsluefnis fyrir útgáfu, sér um að útgefið efni uppfylli gæðakröfur og að það sé vistað í gæðahandbók.

Ábendingar og drög að efni þarf að senda til Miðstöðvar sjúklingafræðslu á netfangið sjuklingafraedsla@landspitali.is Hægt er að finna leiðbeiningar og gátlista um gerð fræðsluefnis á [vefsvæði miðstöðvarinnar](http://landspitali.is) á vef Landspítala.

*Miðstöð sjúklingafræðslu
Katrín Blöndal, formaður ritstjórnar
Þorgerður Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri*



Gjöf frá Minningarsjóði Elvíru Maríu

Barnspítali Hringins hefur fengið veglega gjöf frá Minningarsjóði Elvíru Maríu sem lést árið 2023, rúmlega 2 ára að aldri, eftir hetjulega baráttu við bráðahvítblæði.

Gjöfin inniheldur meðal annars æfingabúnað fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að æfa nálaruppsetningu í æð og brunn, þroskaleikföng, föndurvörur, bolta, kubba, púsl, perlur, ljós og skynjunarmottur.

Þá styrkti sjóðurinn Trúðavaktina en hún kemur á spítalann einu sinni í viku til að skemmta börnunum sem þar dvelja. Heildarandvirðið nemur um 1,3 milljónum króna.

Tilgangur sjóðsins er að heiðra minningu Elvíru Maríu með því að styrkja góðgerðarfélög og stofnanir sem hafa stutt fjölskyldu Elvíru Maríu í gegnum veikindi og andlát hennar sem og að styðja við fjölskyldur barna sem glíma við alvarleg veikindi.



Þau Sigrún Sigmundsdóttir og Sigurður Þór Ómarsson, foreldrar Elvíru Maríu, komu fyrir skömmu á leikstofu Barnspítala Hringins ásamt Katrínu Unu og Ómari, systkinum Elvíru Maríu, og afhentu gjöfina. Ljósmyndari Landspítala tók meðfylgjandi myndir.



Lífsnauðsynleg blóðgjöf fyrir hjartveik börn

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, og Blóðbankinn stóðu fyrir blóðgjafadegi í dag til að vekja athygli á því að árlega fæðast hér á landi að meðaltali 70 börn með hjartagalla. Mörg þeirra þurfa að gangast undir hjartaáðgerðir strax á fyrstu æviárunum og treysta á blóðgjafir til að komast í gegnum þær. Stöðugt framboð af blóði er því nauðsynlegt.

Almenningi var boðið að kynna sér blóðgjöf og skrá sig sem blóðgjafa. Fulltrúar Neistans fræddu um áhrif blóðgjafa á börn með hjartagalla. Að sögn Óskars Ericssonar, framkvæmdastjóra Neistans, skiptir blóðgjöf sköpum fyrir börn með hjartagalla. Án reglulegra blóðgjafa gætu áðgerðir tafist eða jafnvel fallið niður.



— GEÐDAGURINN 9. MAÍ 2025 —

FRÁ ORÐUM TIL ATHAFNA Þróun-nýsköpun-vísindi

Þverfagleg ráðstefna geðþjónustu Landspítala

Óskað er eftir ágripum um rannsóknir eða verkefni sem fjalla um þróun, nýsköpun og vísindi í geðheilbrigðisþjónustu

Ágrip geta fjallað um rannsóknir, nýsköpunarverkefni, samstarf, öryggi, umhverfi og meðferðir í þjónustu einstaklinga með geðvanda

Ágrip verða ritrýnd og birt í fylgiriti Læknablaðsins

Skil á ágripum verða í síðasta lagi 11. apríl 2025

Frekari kröfur um uppsetningu ágripa má sjá hér:

www.landspitali.is/geddagurinn

Nánari upplýsingar veita:

Guðbjörg Sverrisdóttir, verkefnastjóri
gudbjsve@landspitali.is, sími 620 1488

Halldóra Jónsdóttir, formaður geðdagsnefndar
halldjon@landspitali.is, sími 543 4075

Skilafrestur ágripa er til 11. apríl 2025



Starfsmannafundur á Landakoti

Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, hélt opinn starfsmannafund í Baulu á Landakoti þriðjudaginn 18. febrúar. Markmið fundarins var að gefa starfsfólki tækifæri til að ræða við forstjóra um áskoranir og tækifæri í starfsemi.

Fundurinn var vel sóttur og sköpuðust góðar umræður. Á meðal þess sem var rætt má nefna samgöngumál, nýtingu herbergja, framtíðaruppbyggingu öldrunarþjónustu, hvernig nýta eigi 8. hæð Landakots þar sem endurbótum er að ljúka, hvernig laða megi að nýtskrifað heilbrigðisstarfsfólk og

framtíð húsnæðisins að Landakoti eftir að starfsemi hefst í meðferðarkjarnanum á Hringbraut.

Starfsmannafundir forstjóra eru haldnir þriðja þriðjudag í mánuði á ólíkum starfseiningum og eru opnir öllu starfsfólki spítalans. Fundirnir eru auglýstir í viðburðadagatali á innri vef og á Workplace - Fréttir. Næsti fundur, sem verður á ensku, verður haldinn í hádeginu 18. mars í Hringsalnum á Hringbraut.

Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala, var á Landakoti og tók meðfylgjandi myndir.





The CEO of Landspítali holds his monthly staff meeting on **Tuesday 18 March between 12 and 12.30**. The meeting will take place at Hringsalur, Hringbraut.

The CEO staff meetings are held on the third Tuesday of each month at different hospital locations and are open to all hospital staff. At the meeting the CEO gives a short presentation and then offers space for questions and comments.

This meeting will be conducted in English.

All members of staff are welcome to the meetings, irrespective of where they work.

*Do you have any suggestions in relation to the staff meetings?
Contact Landspítali's communication team at samskiptateymi@landspitali.is*

Stafræn lausn fyrir brjóstaskimanir

Krabbameinsfélagið afhenti í febrúar Landspítala styrk til kaupa á nýrri stafrænni bókunarlausn fyrir brjóstaskimanir.

Styrkurinn er afrakstur samstarfs félagsins, Íslandsbanka og 42 fyrirtækja sem eru í viðskiptum við bankann, sem

alls söfnuðu 20,5 milljónum króna.

Með breytingunni munu konur annars vegar geta bókað sig rafrænt og hins vegar fengið senda bókun í skimun með boðsbréfi. Gert er ráð fyrir að frá og með næsta hausti verði lausnin að fullu innleidd.





Rannsóknir og nýsköpun: Lykillinn að samfélagslegum framförum



Lýður Skúli Erlendsson
Vísinda- og
nýsköpunarstjóri
Auðnu Tæknitorgs

Rannsóknir og nýsköpun eru óaðskiljanlegur hluti allra framfara, ekki síst innan heilbrigðiskerfisins. Í gegnum vísindalegar rannsóknir verður til ný þekking og tækifæri til að móta framtíðina á þann hátt sem samfélagið þarfnast. Sérstaklega þegar horft er til heilsutengdrar nýsköpunar, þá er mikilvægi rannsókna og nýrrar tækni ómetanlegt þar sem heilsa og vellíðan fólks eru dýrmæt gæði hvers samfélags. Landspítalinn hefur verið leiðandi í þessum efnum enda hefur hann sterkt vísindasamfélag innan sinna raða með vel menntað vísindafólk sem hefur sótt þekkingu sína innanlands sem utan og býr í mörgum tilfellum yfir framúrskarandi tengslaneti við vísindafólk utan landsteinanna.

Heilsutengd nýsköpun og Landspítalinn

Innan Landspítalans starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga sem daglega glíma við flóknar áskoranir. Með því að leita nýrra leiða við úrlausn þeirra leggur spítalinn grunn að framþróun í heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir þetta eru leiðirnar frá nýrri vitneskju að raunverulegum lausnum oft flóknar og krefjandi. Til að mæta þessu þarf skýra stefnu, stuðning og farveg til að koma nýjungum í framkvæmd.

Til að styðja við þessi markmið hefur Landspítalinn tekið mikilvæg skref t.d. með því að bjóða upp á þjálfun í nýsköpun fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Þessari þjálfun er ætlað að styrkja stöðu spítalans sem leiðandi stofnun í vísindalegri nýsköpun og auka getu hans til að þróa nýjar lausnir sem nýtast heilbrigðisgeiranum. Þessi nálgun sýnir vilja spítalans til að tengja vísindi og nýsköpun á þéttari hátt og tryggja að niðurstöður rannsókna skili sér til samfélagsins.

Auðna: Brú milli rannsókna og samfélags

Auðna, landsskrifstofa í tækni- og þekkingaryfirfærslu, er mikilvægur



Hvað er Auðna?

Auðna er óhagnaðadrið fyrirtæki sem sinnir þekkingar- og tækniyfirfærslu og er í eigu allra háskóla landsins, Landspítala Háskólasjúkrahúss, Vísindagarða Háskóla Íslands, Matís og Hafrannsóknastofnunar Íslands. Hlutverk Auðnu er að aðstoða háskóla- og vísindasamfélagið við að skila uppfinningum og hagnýtanlegum rannsóknarniðurstöðum til samfélagsins í formi lausna, verðmætasköpunar og aukinnar samkeppnishæfni Íslands.

Auðna greinir rannsóknir og uppfinningar nemenda og starfsmanna innan eigendahópsins með tilliti til einkaleyfishæfis og markaðsmöguleika. Mikilvægur þáttur í starfsemiinni er að auka vitund um mikilvægi vísindalegrar nýsköpunar, veita ráðgjöf um hugverkavernd og stofnun sprotafyrirtækja, ásamt því að tengja uppfinningamenn og frumkvöðla við fjármögnun og atvinnulífið.

samstarfsaðili Landspítalans í þessum efnum. Hún var stofnuð m.a. af Landspítalanum, öllum háskólum landsins og helstu rannsóknastofnunum til að styðja vísindasamfélagið í því að koma nýjungum á framfæri. Auðna fyllir í það gat sem oft myndast milli rannsókna og hagnýtingar,

en það er lykilatriði þegar kemur að því að skila vísindalegum niðurstöðum í formi lausna sem hafa samfélagsleg og efnahagsleg áhrif.

Á síðustu árum hefur Auðna lagt mikla áherslu á að vekja athygli vísindasamfélagsins á mikilvægi þess að tilkynna uppgötvanir sem geta leitt til einkaleyfa eða viðskiptatækifæra. Fyrir vikið hefur fjöldi slíkra tilkynninga margfaldast, sem sýnir fram á aukna vitund vísindafólks um möguleikana sem felast í nýsköpun.

Fræðsla og vitundarvakning

Ein af leiðum Auðnu til að styðja við vísindasamfélagið er að halda reglulega MasterClass námskeið í vísindalegri nýsköpun sem eru opin fyrir starfsmenn spítalans. Þar er lögð áhersla á að kynna mikilvægi hugverkaréttar, fjármögnun verkefna og hvernig hægt er að tengja rannsóknir við samfélagsleg áhrif. Markmið þessara námskeiða er að veita vísindamönnum þau tæki og þekkingu sem þarf til að raungera hugmyndir sínar.

Nánari upplýsingar um starfsemi Auðnu og MasterClass námskeið má finna á heimasíðu Auðnu audna.is



Stafræn frampróunarverkefni í starfsemi Landspítala

Innan þróunarsviðs Landspítala er sífellt unnið að því að þróa ferla og verklag og endurbæta hugbúnaðarkerfi og tækjabúnað til að veita sjúklingum sem besta þjónustu en einnig auðvelda starfsfólki að vinna sín störf. Stafræn frampróunarverkefni er lykilþáttur í því sambandi. Hér eru nokkur dæmi um slík verkefni sem nýlega hafa verið innleidd í starfsemi spítalans.

1. Brjóstaskimun – Aukin skilvirkni með gervigreindarlausn

Fjöl margar tæknilausnir hafa verið innleiddar á brjóstamiðstöð LSH til að styðja við starfsemina. Reglubundin brjóstaskimun er hluti af starfsemi brjóstamiðstöðvar, þar sem innleidd hefur verið gervigreindarlausn frá Lunit sem aðstoðar við greiningu krabbameins í brjósti við skimun. Möguleg mein birtast sem [hitakort á röntgenmyndum](#) og einnig sem prósentulíkur á [vinnulista í Heilsugátt](#). Til að byrja með er lausnin ætluð til stuðnings við úrlæstur röntgenlækna, en samkvæmt núverandi verklagi lesa tveir aðskildir röntgenlæknar úr brjóstamyndum. Reynist lausnin vel er líklegt að lausnin leysi af hólmi annan röntgenlækninn eins og reyndin hefur orðið víða erlendis.

2. Erfða- og sameindalæknisfræði – Ný hugbúnaðarlausn

Lokið er innleiðingu á Glíms rannsóknastofukerfinu á Erfða- og sameindalæknisfræðideild í stað eldra kerfis, Shire. Lausnin var innleidd á þremur einingum, Nýburaskimun í desember og DNA og litningum núna í janúar. [Beiðnir um rannsóknir](#) eru gerðar í Heilsugátt og niðurstöður rannsókna eru einnig aðgengilegar þar. Glíms kerfið er þegar í notkun á sýkla-, veiru- og ónæmisfræðideild og fækkar því rannsóknastofukerfum spítalans um eitt. Hafin er greining á verkferlum tengt sameiningu allra rannsóknastofa spítalans í nýju rannsóknastofuhúsi með sameiginlegri sýnamóttöku. Þessi sameining mun kalla á talsverðar viðbætur og breytingar á rannsóknastofukerfum spítalans.

3. Sjálfvirk sýnavinnsla fyrir háafkastaraðgreiningar

Í desember var tekinn í notkun [vökvaþjarkur](#) á Erfða- og sameindalæknisfræðideild. Þjarkurinn var keyptur af Tecan Nordic AB eftir útboðsferli. Vökvaþjarkurinn gerir starfsfólki deildarinnar kleift að undirbúa margfalt fleiri sýni í einu fyrir háafkastaraðgreiningu með minni aðkomu starfsfólks. Því er hægt að greina fleiri sýni og á styttri tíma sem skilar sér í bættri þjónustu við sjúklinga sem bíða greiningar. Í lækningatækjaskrá spítalans, Medusa, eru í dag skráð yfir 11.000 tæki. Nýskráningar lækningatækja eru um 1000 á ári, þar af um 80 sem flokka má sem stærri kaup og keypt eru í gegnum útboðsferli. Öll tækjakaup yfir 20,6 milljónir króna fara í formlegt útboðsferli.


Foreldramorgnar á geðsviði

Geðþjónusta Landspítala og Okkar heimur, úrræði fyrir börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda, byrjuðu nýverið með foreldramorgna aðra hverja viku í virknisetrinu á Hringbraut. Þar fá foreldrar, sem glíma við geðræn veikindi og eru í þjónustu á Landspítala, stuðning og fræðslu auk þess sem þeir geta rætt saman um veikindin og börnin sín.

Mikilvægt er að styðja þessa einstaklinga í foreldrahlutverkinu enda eru börnin oft helsta ástæða þess að

fólk leitar sér aðstoðar. Foreldrar geta verið óruggir um hvernig eigi að ræða veikindin við börnin sín og á því sviði þurfa flestir foreldrar hvatningu.

Í [þessu myndbandi](#) er rætt við Þórunni Eddu Sigurjónsdóttur, félagsráðgjafa hjá Okkar heimi, Sigríði Gísladóttur, framkvæmdastjóra hjá Okkar heimi, Ernu Maríu Jónsdóttur, félagsráðgjafa á Landspítala, og Þórunni Birnu Jónsdóttur, félagsráðgjafa á Landspítala.



Þakklæti við starfslok

Þó aðeins séu liðnir tveir mánuðir af nýju ári hefur Landspítali nú þegar misst frábært starfsfólk sem helguðu spítalanum starfskrafta sína stóran hluta starfsævinnar. Þetta góða fólk starfaði á Landspítala í um og yfir 20 ár á hinum ýmsu deildum og lætur nú af störfum vegna aldurs. Landspítali þakkar þeim góð störf og óskar þeim velfarnaðar í þeim lífsins verkefnum sem framundan eru.



Arna Skúladóttir Sérfræðingur í hjúkrun á göngudeild BH



Hulda Guðmundsdóttir Verkfræðingur á verkefnastofu



Jón Guðmundsson Yfirlæknir á æðþræðingu



Katrín Einarsdóttir Verkefnastjóri á rannsóknastofu í taugalífeðlisfræði



Kjartan Örvar Sérfræðilæknir/ meltingarlækningar



Lilja Dóra Victorsdóttir Sjúkraliði á hjarta-, lungna- og augnskurðeild



Lilja Magnúsdóttir Sérhæfður starfsmaður á bráðalyflækningadeild



Sigríður Birgisdóttir Sjúkraliði á HNE-, lýta- og æðaskurðeild




Sigríður I Baldursdóttir Sjúkraliði á endurhæfingardeild



Sigurður Kristjánsson Sérfræðilæknir/barnalækningar



Sigurlaug Eyjólfsdóttir Félagsráðgjafi



LANDSPÍTALI